

Nefndarálit

um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2015.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til umfjöllunar eftir að málið gekk til hennar 12. september sl. Nefndin hefur haldið fjölda funda um málið og kallað fjölmarga gesti á sinn fund. Þar má nefna fulltrúa 43 sveitarfélaga, fulltrúa landshlutasamtaka sveitarfélaga, fulltrúa allra ráðuneyta, Hagstofunnar, Ríkisendurskoðunar, Sambands íslenskra sveitarfélaga og fleiri.

Afar ánægjulegt er að tekjurnar aukast og annað árið í röð stefnir í hallalausan ríkisrekstur. Tekjuaukning hefur verið nýtt til þess að auka framlög til grunnþjónustu ríkisins. Lögð hefur verið áhersla á að fjárukalög séu í anda fjárreiðulaga og er það ánægjuleg þróun.

Hins vegar er nauðsynlegt að endurskoða vinnulag við gerð fjárlaga og það er álit meiri hlutans að skilgreina þurfi betur hlutverk nefndarinnar eftir að frumvarpið er lagt fram. Eðlilega þurfa samskipti að vera mikil og góð milli löggjafans og framkvæmdarvaldsins, en hlutverk fjárlaganefndar er verulegt þegar kemur að vinnu og tillögum eftir að fjárlagafrumvarp hefur verið lagt fram. Mikilvægt er að líta á fjárlögin í heild og forgangsraða í þágu grunnþjónustunnar. Nokkuð hefur áunnist í þessum efnum þar sem ríkissjóður er nú rekinn hallalaus sem er grundvallaratriði. Þá er nokkuð í land með að hefja niðurgreiðslu skulda en vaxtakostnaður er þriðji útgjaldamesti málaflokkurinn á eftir heilbrigðismálum og almannatryggingum. Hann nemur hærri fjárhæð en öll framlög ríkissjóðs til reksturs Landspítalans og Sjúkratrygginga Íslands. Háar skuldir ríkissjóðs eru ávísun á að börn okkar og barnabörn muni að öllu óbreyttu ekki njóta sömu lífsgæða og við.

Lífeyrisskuldbindingar með bakábyrgð ríkissjóðs eru nettó 407,7 milljarðar kr. og að öllu óbreyttu verða B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga uppurin árið 2027 sem kallar á 20 milljarða kr. árleg útgjöld í 10 ár þaðan í frá áður en þau fara aftur lakkandi.

Breytt aldurssamsetning þjóðarinnar mun einnig kalla á aukna eftirspurn eftir heilbrigðisþjónustu. Samkvæmt meðaltali OECD er kostnaður þjóðfélaga vegna hvers einstaklings eldri en 65 ára fjórum sinnum meiri en þeirra sem yngri eru. Íslendingum eldri en 67 ára mun fjölga um 50% á næstu 10 árum. Skuldir ríkisins, lífeyrisskuldbindingar og breytt aldurssamsetning kalla á forgangsroðun í ríkisfjármálum.

Meiri hlutinn gerir breytingartillögu við tekjuáætlun frumvarpsins sem nemur 9.529,8 millj. kr. til hækkunar tekna og einnig breytingartillögu við sundurliðun 2, þ.e. fjármál ríkisadila í A-hluta, sem samtals nemur 9.302,9 millj. kr. til hækkunar gjalda. Á rekstrargrunni verða því heildartekjur ársins 654.073,0 millj. kr. og gjöldin 649.789,2 millj. kr. og heildarafkoman þar af leiðandi 4.283,8 millj. kr. afgangur eða því sem næst sá sami og í frumvarpinu. Meiri hlutinn leggur einnig til breytingar á 5. gr. frumvarpsins um lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir auk þess sem lagðar eru til nokkrar breytingar á 6. gr. fjárlaga sem fjallar um ýmsar heimildir til handa fjármála- og efnahagsráðherra sem einkum snúa að kaupum og sölu eigna. Loks eru lagðar til tvær breytingar á fjárreiðum Íbúðalánasjóðs í C-hluta fjárlaga.

Annars vegar er um að ræða tillögu um 29 millj. kr. hækkun greiðsluheimildar vegna framlags til niðurgreiðslu vaxta á lánnum til félagslegra leiguíbúða og hins vegar er um að ræða tillögu sem fram kemur í A-hluta fjárlaga um 2,4 milljarða kr. hækkun framlags til sjóðsins vegna áætlaðs tapaðs vaxtamunar í tengslum við ákvörðun stjórnvalda um flýtingu á niðurgreiðslu verðtrygðra húsnæðislána.

Í milljörðum kr.	Fjárlagafrumvarp	Breytingartillaga við 2. umr.	Samtals
Frumtekjur	626,3	9,5	635,9
Frumgjöld	556,3	11,0	567,3
Frumjöfnuður	70,1	-1,5	68,6
Vaxtatekjur	18,2	0,0	18,2
Vaxtagjöld	84,2	-1,7	82,5
Vaxtajöfnuður	-66,0	1,7	-64,3
Heildartekjur	644,5	9,5	654,1
Heildargjöld	640,5	9,3	649,8
Heildarjöfnuður	4,1	0,2	4,3

Tillögur til hækkunar tekna byggjast nær alfarið á endurmati fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Endurmatið byggist á þróun innheimtu tekna það sem af er árinu 2014 og endanlegri álagningu lögaðila fyrir síðasta ár, auk þess sem tekið hefur verið tillit til nýrrar þjóðhagsspár Hagstofu Íslands sem kom út 14. nóvember sl.

Tekjurnar hækka í heild um 9,5 milljarða kr. og skýrist það alfarið af hækkun tekjuskatta sem samtals hækka um 22,2 milljarða kr. Þar af eru tæplega 9,5 milljarðar kr. vegna tekjuskatts einstaklinga og ýmissa launatengdra gjalda og 11 milljarðar kr. vegna tekjuskatts lögaðila og sérstaks fjársýsluskatts. Loks er gert ráð fyrir 2,6 milljarða kr. hækkun vegna fjármagnstekjuskatts.

Á móti vegur að skattar á vöru og þjónustu lækka um 8,8 milljarða kr. og þar munar langmest um 5,1 milljarð kr. vegna virðisaukaskatts. Að baki því fráviki eru nokkur tilefni, m.a. breytt áform stjórnvalda, en nú er gert ráð fyrir að áður kynntar breytingar komi til framkvæmda í einum áfanga sem miðast við 1. janúar nk. í stað þess að gerast á tveimur árum. Nú er gert ráð fyrir að neðra þrep virðisaukaskatts hækki í 11% í stað 12%. Samhliða því er efra þrep lækkað úr 25,5% í 24%. Samtals er áætlað að kerfisbreytingar virðisaukaskatts lækki tekjur ríkissjóðs um 3 milljarða kr. Auk þess er tekjugrunnur skattsins veikari á árinu 2014 en reiknað hafði verið með í tekjuáætlun frumvarpsins og leiðir til 2,2 milljarða kr. lækkunar til viðbótar. Auk lækkunar virðisaukaskatts er nú gert ráð fyrir að svokallaður bankaskattur lækki um 4,5 milljarða kr. og er það í samræmi við álagningartölur frá því í október. Breytt áform um afnám vörugjalds um næstu áramót í einum áfanga í stað tveggja lækka einnig tekjurnar um 3 milljarða kr. Loks má nefna að gert er ráð fyrir að lækka hámarksívilnun vörugjalda af innfluttum bílaleigubílum úr 1 millj. kr. í 500 þús. kr á hvern bíl og er það talið skila um 0,5 milljörðum kr.

Einnig er í endurmatinu gert ráð fyrir fleiri breytingum á tekjuhlið sem vega þó mun minna. Af einstökum tilefnum munar mest um að fallið er frá 2,5% hækkun á ýmsum krónutölugjöldum sem lækkar fyrri áætlun um 1 milljarð kr. Á móti því vegur að nú er miðað við

að arðgreiðslur hækki um 0,7 milljarða kr. með því að gera í fyrsta sinn ráð fyrir að Isavia greiði arð í ríkissjóð.

Tillögur til hækkunar gjalda eru af ýmsum tilefnum en meiri hluti nefndarinnar nýtir það svigrúm sem gefst með hærri tekjum til þess að forgangsraða til heilbrigðisþjónustu, framkvæmda Vegagerðarinnar, barnabóta og margvíslegra annarra smærri málaflokka. Í heild er gerð tillaga um 9,3 milljarða kr. hækkun gjalda og má gróflega flokka tilefnin í þrjá flokka.

Í fyrsta lagi hafa gjaldaliðir sem taka mið af ýmsum forsendum um verðlagsþróun, atvinnuleysi og útgjöld almannatrygginga, sem og sammings- eða lögbundnir liðir, verið endurmetnir. Það kallar á 3,5 milljarða kr. hækkun og þar af vegur langþyngst tillaga um 2,4 milljarða kr. aukningu framlags til Íbúðalánasjóðs, en eins og áður sagði er um að ræða hliðaráhrif af flýtingu á niðurgreiðslu húsnæðislána til heimila. Næstmest munar um 1,2 milljarða kr. hækkun til sjúkratrygginga og 0,6 milljarða kr. hækkun á útgjöldum almannatrygginga. Einnig er meðtalin 1 milljarðs kr. hækkun barnabóta sem ætlað er að vera mót-vægisáðgerð vegna fyrirhugaðra breytinga á virðisaukaskattskerfinu. Á móti hækkunartil-efnum vegur 1,6 milljarða kr. lækkun á áætlun um verðlagshækkunir þar sem nú er spáð mun minni verðbólgu á næsta ári en áður var gert, auk þess sem samkvæmt spánni verða útgjöld vegna atvinnuleysisbóta um 1,5 milljörðum kr. minni en áætlað hafði verið.

Í öðru lagi er lagt til að vaxtagjöld lækki um 1,7 milljarða kr. sem rekja má til þess að dregið hefur verið úr útgáfu ríkisbréfa frá því sem áður var gert ráð fyrir vegna bættrar afkomu ríkissjóðs. Þá hafa forsendur um stýrivexti og verðlagsbreytingar breyst til lækkunar í takt við nýja þjóðhagsspá Hagstofunnar.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að veita ný framlög samtals að fjárhæð 7,6 milljarðar kr. Þar má nefna styrkingu á rekstrargrunni Landspítalans og fleiri sjúkrahúsa, hönnun á meðferðar-kjarna við nýjan Landspítala og stóraukin framlög til Vegagerðarinnar. Einnig er gert ráð fyrir umtalsverðri styrkingu háskólakerfisins og Landhelgisgæslunar auk margvíslegra annarra mála sem skýrð eru í athugasemdum með einstökum tillögum.

Mikið vantar upp á að skilningur sé í stjórnkerfinu á mikilvægi hagræðingar og forgangs-röðunar innan ríkiskerfisins. Meiri hlutinn vekur sérstaklega athygli á verkefnum um útboð og innkaup ríkisstofnana. Aðföng í rekstri ríkisstofnana nema um 130 milljörðum kr. á ári. Ljóst er að endurbætur á innkaupaferlum geta skilað umtalsverðri hagræðingu fyrir ríkissjóð og ríkisstofnanir. Innkaup eru á hendi fjölmargra og því er mikilvægt að leggja þeim í hendur markvisst verklag og skilvirk verkfæri til þess að árangur verði sem mestur.

Almenn útboð á vöru eða þjónustu og rammasamningsútboð eru slík verkfæri. Rammasamningar hafa það að markmiði að veita kaupendum aðgang að hópi hæfra birgja með full-nægjandi úrval af vöru og þjónustu sem ríkisstofnanir þurfa á að halda. Rammasamningar koma í mörgum tilfellum í stað almennra útboða og spara því útboðskostnað. Gert er ráð fyrir að velta í rammasamningum ríkisins verði um 11,3 milljarðar kr. á yfirstandandi ári. Það er þó aðeins um þriðjungur þeirra kaupa sem gætu átt sér stað innan rammasamninganna. Á þessu má ráða bót með skýrum fyrirmælum og meiri fræðslu fyrir forstöðumenn og innkaupaaðila hjá ríkinu.

Dæmi um jákvæða þróun rammasamninga og örútboda eru fjölmörg. Nýlega bauð t.d. Rekstrarfélag Stjórnarráðsins út síma- og fjarskiptaþjónustu fyrir ráðuneytin með örútbodi innan rammasamnings. Í kjölfarið lækkaði fjarskiptakostnaður félagsins um 22,5 millj. kr. eða 27%. Margar stofnanir hafa nú þegar boðið út fjarskiptaþjónustu með þessum hætti. Af öðrum dæmum má nefna nýleg örútbod á raforku, tölvukaupum, hugbúnaðarleyfum og þjón-ustu iðnaðarmanna.

Meiri hlutinn hefur hug á að styðja við þessi verkefni eftir því sem kostur er og mun knýja á um að verulegt átak í innkaupa- og útboðsmálum hjá ríkinu skili árangri sem allra fyrst. Meiri hlutinn hefur þrýst á að ríkisstofnanir nýti sér útboð til að lækka kostnað og gæta jafnræðis á markaði við kaup á vörum og þjónustu. Það er óskiljanlegt að einstakar stofnanir nýti sér ekki þau tækifæri sem felast í útboðum og rammamningum. Meiri hlutinn mun á næsta ári beita sér af fullum þunga fyrir því að þessi tæki séu nýtt til fulls og að almenningur verði upplýstur um stöðu mála.

Fyrir réttu ári skilaði hagræðingarhópur ríkisstjórnarinnar tillögum. Meiri hlutinn telur að of hægt gangi að koma þeim til framkvæmda. Af 95 tillögum sem voru á ábyrgðarsviði einstakra ráðherra hefur nú 14 tillögum verið hrundið í framkvæmd, 53 tillögur eru í vinnslu og 17 eru í forathugun. Vinna við 11 tillögur er ekki hafin eða þeim verður ekki hrint í framkvæmd. Meiri hlutinn leggur ofuráherslu á að framkvæmdarvaldið komi þessum tillögum í framkvæmd sem fyrst til að ná fram enn frekari sparnaði í ríkisrekstrinum.

Þá bendir meiri hlutinn á að dæmi eru um að fyrirtæki sem ekki eru innan A-hluta ríkissjóðs eigi við alvarlegan rekstrarvanda að glíma án þess að tekið hafi verið á því af hálfu framkvæmdarvaldsins.

Framlög til Íbúðalánasjóðs hafa numið 53,5 milljörðum kr. frá árinu 2009 og að öllu óbreyttu verða framlögin 5,7 milljarðar kr. á árinu 2015. Að þeim meðtöldum hafa framlögin frá árinu 2009 numið svipaðri fjárhæð og byggingarkostnaði nýs Landspítala. Ef ekkert verður að gert munu framlögin halda áfram að aukast um árabil. Vinnuhópur á vegum félags- og húsnæðismálaráðherra hefur skilað skýrslu þar sem bent var á að hagkvæmast væri að hætta starfsemi sjóðsins í núverandi mynd og mundi það að öllum líkindum koma í veg fyrir auknar útgreiðslur úr ríkissjóði vegna hans. Mikilvægt er að stjórnvöld taki ákvörðun sem allra fyrst um framtíð sjóðsins með það að markmiði að koma í veg fyrir frekari útgjöld úr ríkissjóði vegna hans.

Ríkisútvarpið fær aukið 181,9 millj. kr. skilyrt framlag til rekstrar samkvæmt þessum tillögum. Þessi tímabundna fjárheimild er háð þeim skilyrðum að fram fari vinna við fjárhagslega endurskipulagningu Ríkisútvarpsins. Þá verði útborgun fjárins enn fremur háð því að haldbærar rekstraráætlanir séu lagðar fram þar sem fram komi hvernig starfsemi stofnunarinnar verði komið á réttan kjöl og hún verði sjálfbær til frambúðar. Þetta felur í sér að rekstraráætlanir um starfsemina liggi fyrir eigi síðar en í lok mars 2015 og séu yfirfarnar af ráðherranefnd um ríkisfjármál. Ef það er mat nefndarinnar að þær áætlanir dugi ekki til þess að ná markmiðum um sjálfbæran rekstur stofnunarinnar, þá er áformað að fyrrgreind fjárheimild verði felld niður í fjáráukalögum fyrir árið 2015.

Skýringar við breytingartillögur á gjaldahlið.

01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	9,6
1.01 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	
<i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að 9,6 m.kr. fjárheimild verði millifærð af fjárlagalið 01-305 á aðalskrifstofu ráðuneytisins vegna verkefna nýrrar skrifstofu menningararfs. Millifærslan eykur ekki útgjöld ríkissjóðs.
01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	0,0
1.01 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	
<i>Breyttar forsendur</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lögð er til leiðrétting á sértekjufærslu sem fram kom í frumvarpinu. Með því er rekstrarumfang liðarins hækkað um 1,5 m.kr. frá fyrra ári en ekki 5 m.kr. eins og áætlað var í frumvarpinu þannig að lækkunin frá frumvarpinu er 3,5 m.kr. Eftir endurmat á rauntekjum er áætlað að þær verði ekki hærri en sem nemur 1,5 m.kr. árlega. Tillagan hefur ekki í för með sér breytingu á útgjaldaramma ráðuneytisins þar sem fjárheimild til útgjalda breytist jafnmikið og áætlaðar sértekjur.
01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	20,0
1.01 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	
<i>Ákvarðanir ríkisstjórnar</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Gerð er tillaga um 20 m.kr. tímabundið framlag til að halda ráðstefnuna Northern Future Forum sem forsætisráðherrar Norðurlandarákjanna, Eystrasaltsríkjanna og Bretlands munu sækja, auk aðila úr atvinnulífi og háskólasamfélagi. Þetta er í fimmta skipti sem viðburðurinn er haldinn og skiptast aðildarríkin á um að halda ráðstefnuna sem síðast var í Finnlandi. Northern Future Forum er öðruvísi en hefðbundnir milliríkjafundir að því leyti að auk embættismanna eru aðilar úr atvinnulífi og frá stofnunum og háskólasamfélagi ríkjanna níu einnig í sendinefndum forsætisráðherranna. Gera má ráð fyrir að um 120 manns komi til Íslands vegna viðburðarins sem fyrirhugaður er haustið 2015. Áætlað er að heildarkostnaður ráðuneytisins vegna Northern Future Forum nemi 20 m.kr. og er þar miðað við nýfengna reynslu Finnlands og héraða reynslu af kostnaði við stærri viðburði. Helstu kostnaðarliðir lúta að öryggisgæslu, akstri, verkefnisstjórn, ráðstefnuhaldi með tilheyrandi sérfræðiaðstoð, útlitsvinnu, prentun og risnu forsætisráðherra.
01-190 Ýmis verkefni	4,0
1.11 Hið íslenska fornritafélag	
<i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 4 m.kr. tímabundið framlag til Hins íslenska fornritafélags.

01-190 Ýmis verkefni

6,2

1.20 Jafnréttissjóður
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Lagt er til að árlegt framlag til Jafnréttissjóðs verði aukið um 6,2 m.kr. og verði með því 16 m.kr. á ári frá árinu 2015. Þegar samþykkt var á árinu 2005, í tilefni af 30 ára afmæli kvennafríðagsins, að fela forsætisráðuneytinu að starfrækja Jafnréttissjóð sem skyldi veita styrki til jafnréttisrannsókna, sbr. reglur nr. 513/2006, var ákveðið að verja til sjóðsins 10 m.kr. árlega. Almenn gildir í fjárlögum að smærri styrkir eru ekki verðlagsreiknaðir, heldur ákvarðaðir með tiltekinni fastri fjárhæð sem helst óbreytt þar til hún er endurákvörðuð innan útgjaldaramma viðkomandi ráðuneytis. Raungildi þess fjármagns sem sjóðurinn hefur til úthlutunar hefur rýrnað sem nemur verðbólgu á undanförunum árum. Úthlutað var úr sjóðnum í fyrsta skipti árið 2006. Fjárveitingar til sjóðsins voru óbreyttar, 10 m.kr. næstu ár, þ.e. vegna árána 2007 og 2008, en árið 2009 var ákveðið að slá úthlutunum tímabundið á frest sökum áfalla í efnahagsmálum Þjóðarinnar. Ákveðið var 2011 að hefja úthlutanir úr sjóðnum að nýju og hefur síðan verið úthlutað úr sjóðnum árin 2012 og 2013 sem og á yfistandandi ári, en fjárveiting til sjóðsins þessi ár hefur verið óbreytt eða 9,8 m.kr. á ári. Tilefni þykir nú til að uppfæra fjárveitinguna í takt við hækkun verðlags síðan til sjóðsins var stofnað og með því verði staðinn vörður um hlutverk Jafnréttissjóðs en hann er sá eini sinnar tegundar og hefur sannað gildi sitt.

01-190 Ýmis verkefni

3,0

1.90 Ýmis verkefni
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 3 m.kr. tímabundið framlag í því skyni að einfalda leyfisferla í atvinnulífinu og gera þá rafræna. Nefnd á vegum forsætisráðuneytisins stýrir verkefninu sem er unnið af Þjóðskrá Íslands.

01-201 Fasteignir forsætisráðuneytis

5,0

1.01 Fasteignir forsætisráðuneytis
Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 5 m.kr. framlag vegna reksturs húsnæðis og bygginga sem eru í umsjá fasteigna forsætisráðuneytis. Ráðuneytið hefur gert hagræðingarkröfur á starfseminu um nokkurra ára skeið og hefur myndast uppsafnaður halli á rekstrinum. Þá hefur rekstrarkostnaður húsnæðis, einkum leigukostnaður í miðborginni, hækkað umfram almennt verðlag á undanförunum árum og er framlagið nauðsynlegt til að árlegur rekstur verði í jafnvægi.

01-271 Ríkislögmaður

9,5

1.01 Ríkislögmaður
 Ákvarðanir ríkisstjórnar
 Samþykkt af ríkisstjórn
 Ríkisstjórn

Lagt er til 9,5 m.kr. framlag til embættis ríkislögmanns vegna fjölgunar virkra dómsmála hjá embættinu. Til að embættið geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu og vaxandi málafjölda þykir nauðsynlegt að bæta við einu stöðugildi lögmanns. Fimm lögmenn starfa nú hjá embættinu og er álag orðið afar mikið. Hagkvæmara er talið að bregðast við með fjölgun um eitt stöðugildi fremur en að útvista málum í auknum mæli til sjálfstætt starfandi lögmansstofa, en slíkt getur verið kostnaðarsamt. Málafjöldi hjá embættinu var 313 árið 2010, 327 árið 2011, 380 árið 2012 og 427 árið 2013. Dómsmálum hefur fjölgað um meira en 30 mál á þessu ári og eru þau orðin 186 samtals hjá embættinu en voru 150 í upphafi árs. Varlega áætlað er talið að fjöldi dómsmála til meðferðar hjá hverju stöðugildi lögmanns ætti ekki að fara yfir 25 dómsmál hverju sinni og því ljóst að bæta þarf við a.m.k. einu stöðugildi þótt aðeins sé miðað við verkefni í sambandi við rekstur dómsmála. Með þessari ráðstöfun er gert ráð fyrir að árlegt heildarframlag til embættisins verði nægjanlegt til að rekstur þess megi verða í jafnvægi og innan fjárheimilda.

01-305 Græna hagkerfið og verkefni tengd vernd sögulegra og menningartengdra byggða og f

20,0

1.10 Græna hagkerfið og verkefni tengd vernd sögulegra og menningartengdra byggða o,

Ákvörðun Alþingis
 Samþykkt á Alþingi
 Alþingi

Gerð er tillaga um 20 m.kr. tímabundið framlag sem er áætluð hlutdeild ríkissjóðs vegna endurbóta á húsnæði Kvennaskólans á Blönduósi. Fasteignir skólans eru í 75% eigu ríkissjóðs og 25% eigu sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu. Unnið hefur verið að endurbótum á fasteignunum frá árinu 2009. Skólahúsið er frá árinu 1912 en aðrar fasteignir voru byggðar síðar. Skólahúsið sjálft hefur verið endurbýgt að mestu leyti en að mati Minjastofnunar eru ýmsir verkþættir eftir, svo sem gluggar og aðgengi fatlaðra. Minjastofnun hefur haft veg og vanda af ráðgjöf og fjárveitingum til endurbótanna. Fram undan eru einnig nauðsynlegir framkvæmdaþættir í öðrum fasteignum skólans.

01-305 Græna hagkerfið og verkefni tengd vernd sögulegra og menningartengdra byggða og f

-9,6

1.10 Græna hagkerfið og verkefni tengd vernd sögulegra og menningartengdra byggða o,

Millifært
 Samþykkt af ríkisstjórn
 Ríkisstjórn

Lagt er til að 9,6 m.kr. fjárheimild verði millifærð af þessum fjárlagalið á aðalskrifstofu ráðuneytisins vegna nýrrar skrifstofu menningararfs. Millifærslan eykur ekki útgjöld ríkissjóðs.

01-305 Græna hagkerfið og verkefni tengd vernd sögulegra og menningartengdra byggða og f

-15,0

1.10 Græna hagkerfið og verkefni tengd vernd sögulegra og menningartengdra byggða o,

Millifært
 Samþykkt af ríkisstjórn
 Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um að 15 m.kr. framlag til Þjóðminjasafns Íslands færist af fjárlagaliðnum 01-305. Um er að ræða framlag til að mæta viðhaldi og húsrækstri Safnahússins við Hverfisgötu. Mennta- og menningarmálaráðuneytið færði umsjón með húsinu til Þjóðminjasafnsins í upphafi árs 2013. Nauðsynlegt er að tryggja fjárframlag til viðhalds þessarar sögulegu og friðuðu byggingar svo að hún megi vera í viðunandi ástandi til lengri tíma lítið. Þjóðminjasafnið skoðar nú hvort hagkvæmt kunni að vera að gera samning við Fasteignir ríkissjóðs um reglubundið árlegt viðhald hússins. Komi til þess síðar að forræði yfir byggingunni flytjist er gert ráð fyrir að þessi fjárveiting mundi þá jafnframt færa til viðkomandi ábyrgðaraðila sem með húsið færi.

01-305 Græna hagkerfið og verkefni tengd vernd sögulegra og menningartengdra byggða og f **-10,0**

1.10 Græna hagkerfið og verkefni tengd vernd sögulegra og menningartengdra byggða o,

Millifært

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Lagt er til að millifært verði 10 m.kr. varanlegt framlag af liðnum 01-305 til húsasafns Þjóðminjasafns Íslands vegna endurbóta og viðhalds á húsum í vörslu safnsins. Í umsjá þess eru rúmlega 40 merk hús í eigu ríkissjóðs og er fjármununum ætlað að efla möguleika safnsins til viðhalds og endurbóta á húsakostinum. Þessum húsum er haldið við sem menningarlegum minjum og eru þau mikilvægur hluti af safnkosti Þjóðminjasafnsins. Húsin eru víða um land og opin almenningi eftir því sem ástand þeirra leyfir. Þau gegna veigamiklu og sívaxandi hlutverki í menningarstarfi margra sveitarfélaga og ferðaþjónustu. Millifærslan hefur ekki í för með sér aukin útgjöld ríkissjóðs.

01-311 Þjóðminjasafn Íslands **15,0**

1.01 Þjóðminjasafn Íslands

Millifært

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um að 15 m.kr. framlag til Þjóðminjasafns Íslands færist af fjárlagaliðnum 01-305. Um er að ræða framlag til að mæta viðhaldi og húsrekstri Safnahússins við Hverfisgötu. Mennta- og menningarmálaráðuneytið færði umsjón með húsinu til Þjóðminjasafnsins í upphafi árs 2013. Nauðsynlegt er að tryggja fjárframlag til viðhalds þessarar sögulegu og friðuðu byggingar svo að hún megi vera í viðunandi ástandi til lengri tíma litið. Þjóðminjasafnið skoðar nú hvort hagkvæmt kunni að vera að gera samning við Fasteignir ríkissjóðs um reglubundið árlegt viðhald hússins. Komi til þess síðar að forræði yfir byggingunni flytjist er gert ráð fyrir að þessi fjárveiting mundi þá jafnframt færast til viðkomandi ábyrgðaraðila sem með húsið færi.

01-311 Þjóðminjasafn Íslands **10,0**

5.21 Endurbætur húsa í vörslu Þjóðminjasafnsins

Millifært

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Lagt er til að millifært verði 10 m.kr. varanlegt framlag af liðnum 01-305 til húsasafns Þjóðminjasafns Íslands vegna endurbóta og viðhalds á húsum í vörslu safnsins. Í umsjá þess eru rúmlega 40 merk hús í eigu ríkissjóðs og er fjármununum ætlað að efla möguleika safnsins til viðhalds og endurbóta á húsakostinum. Þessum húsum er haldið við sem menningarlegum minjum og eru þau mikilvægur hluti af safnkosti Þjóðminjasafnsins. Húsin eru víða um land og opin almenningi eftir því sem ástand þeirra leyfir. Þau gegna veigamiklu og sívaxandi hlutverki í menningarstarfi margra sveitarfélaga og ferðaþjónustu. Millifærslan hefur ekki í för með sér aukin útgjöld ríkissjóðs.

Samtals forsætisráðuneyti 67,7

02-201 Háskóli Íslands

298,6

1.01 Háskóli Íslands
Ákvarðanir ríkisstjórnar
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárheimild Háskóla Íslands hækki um 298,6 m.kr. Tillagan er hluti af 617,1 m.kr. hækkun á framlagi til kennslu í háskólum og kemur til viðbótar sérstöku 463 m.kr. framlagi í frumvarpinu til að styrkja rekstrargrundvöll kennslu á háskólastigi þannig að samanlagt verði þessi viðbótarframlög 1.080 m.kr. árið 2015. Þessi auknu framlög fela í sér að háskólum er gert betur kleift að hafa fleiri nemendur í námi en gert var ráð fyrir í frumvarpinu, unnt verður að mæta kostnaðarbreytingum sem tengjast kjarasamningum við háskólakennara og prófessora á þessu ári og stuðlað er að því að meðalframlag á hvern ársnema hækki. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að nemendum fari fækkandi á komandi árum og vísað til þeirra áforma stjórnvalda að styrkja háskólakennslu með því að hækka framlög á hvern nemanda. Þessi stefna er í takt við þá niðurstöðu sem birtist í skýrslu OECD um að vandi Íslands í þessum eignum liggi fyrst og fremst í lágum framlögum á hvern nemanda en ekki fjölda nemenda í skólum. Fram til þessa hefur fjöldi nemenda í skólum aukist nokkuð en þeirri fjölgun hefur ekki verið mætt nægilega með auknum framlögum vegna aðhaldskrafna í ríkisrekstrinum undanfarin ár. Við þennan endurreikning á framlögum fyrir háskólastigið hefur verið höfð hliðsjón af fjölda nemenda eins og skólarnir hafa áætlað hann.

02-210 Háskólinn á Akureyri

30,0

1.01 Háskólinn á Akureyri
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 30 m.kr. framlag til Háskólans á Akureyri. Annars vegar er 20 m.kr. framlag til eflingar kennslu í heimskautarétti sem fram til þessa hefur aðeins verið kenndur annað hvert ár vegna fjárskorts, þrátt fyrir að nemendur hafi komið víða að og námið gefið góða raun. Hins vegar er 10 m.kr. framlag til að auðvelda skólanum að fjármagna rannsóknarmissemi fastráðinna kennara.

02-210 Háskólinn á Akureyri

10,3

1.01 Háskólinn á Akureyri
Ákvarðanir ríkisstjórnar
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárheimild Háskólans á Akureyri hækki um 10,3 m.kr. Tillagan er hluti af 617,1 m.kr. hækkun á framlagi til kennslu í háskólum og kemur til viðbótar sérstöku 463 m.kr. framlagi í frumvarpinu til að styrkja rekstrargrundvöll kennslu á háskólastigi þannig að samanlagt verði þessi viðbótarframlög 1.080 m.kr. árið 2015. Þessi auknu framlög fela í sér að háskólum er gert betur kleift að hafa fleiri nemendur í námi en gert var ráð fyrir í frumvarpinu, unnt verður að mæta kostnaðarbreytingum sem tengjast kjarasamningum við háskólakennara og prófessora á þessu ári og stuðlað er að því að meðalframlag á hvern ársnema hækki. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að nemendum fari fækkandi á komandi árum og vísað til þeirra áforma stjórnvalda að styrkja háskólakennslu með því að hækka framlög á hvern nemanda. Þessi stefna er í takt við þá niðurstöðu sem birtist í skýrslu OECD um að vandi Íslands í þessum eignum liggi fyrst og fremst í lágum framlögum á hvern nemanda en ekki fjölda nemenda í skólum. Fram til þessa hefur fjöldi nemenda í skólum aukist nokkuð en þeirri fjölgun hefur ekki verið mætt nægilega með auknum framlögum vegna aðhaldskrafna í ríkisrekstrinum undanfarin ár. Við þennan endurreikning á framlögum fyrir háskólastigið hefur verið höfð hliðsjón af fjölda nemenda eins og skólarnir hafa áætlað hann.

02-216 Landbúnaðarháskóli Íslands

17,9

1.01 Landbúnaðarháskóli Íslands

*Ákvarðanir ríkisstjórnar**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lagt er til að fjárheimild Landbúnaðarháskóla Íslands hækki um 17,9 m.kr. Tillagan er hluti af 617 m.kr. hækkun á framlagi til kennslu í háskólum og kemur til viðbótar sérstöku 463 m.kr. framlagi í frumvarpinu til að styrkja rekstrargrundvöll kennslu á háskólastigi þannig að samanlagt verði þessi viðbótarframlög 1.080 m.kr. árið 2015. Þessi auknu framlög fela í sér að háskólum er gert betur kleift að hafa fleiri nemendur í námi en gert var ráð fyrir í frumvarpinu, unnt verður að mæta kostnaðarbreytingum sem tengjast kjarasamningum við háskólakennara og prófessora á þessu ári og stuðlað er að því að meðalframlag á hvern ársnema hækki. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að nemendum fari fækkandi á komandi árum og vísað til þeirra áforma stjórnvalda að styrkja háskólakennslu með því að hækka framlög á hvern nemanda. Þessi stefna er í takt við þá niðurstöðu sem birtist í skýrslu OECD um að vandi Íslands í þessum efnum liggi fyrst og fremst í lágum framlögum á hvern nemanda en ekki fjölda nemenda í skólum. Fram til þessa hefur fjöldi nemenda í skólum aukist nokkuð en þeirri fjölgun hefur ekki verið mætt nægilega með auknum framlögum vegna aðhaldskrafna í ríkisrekstrinum undanfarin ár. Við þennan endurreikning á framlögum fyrir háskólastigið hefur verið höfð hliðsjón af fjölda nemenda eins og skólarnir hafa áætlað hann.

02-217 Hólaskóli - Háskólinn á Hólum

14,5

1.01 Hólaskóli - Háskólinn á Hólum

*Ákvarðanir ríkisstjórnar**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lagt er til að fjárheimild Hólaskóla - Háskólans á Hólum hækki um 14,5 m.kr. Tillagan er hluti af 617,1 m.kr. hækkun á framlagi til kennslu í háskólum og kemur til viðbótar sérstöku 463 m.kr. framlagi í frumvarpinu til að styrkja rekstrargrundvöll kennslu á háskólastigi þannig að samanlagt verði þessi viðbótarframlög 1.080 m.kr. árið 2015. Þessi auknu framlög fela í sér að háskólum er gert betur kleift að hafa fleiri nemendur í námi en gert var ráð fyrir í frumvarpinu, unnt verður að mæta kostnaðarbreytingum sem tengjast kjarasamningum við háskólakennar og prófessora á þessu ári og stuðlað er að því að meðalframlag á hvern ársnema hækki. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að nemendum fari fækkandi á komandi árum og vísað til þeirra áforma stjórnvalda að styrkja háskólakennslu með því að hækka framlög á hvern nemanda. Þessi stefna er í takt við þá niðurstöðu sem birtist í skýrslu OECD um að vandi Íslands í þessum efnum liggi fyrst og fremst í lágum framlögum á hvern nemanda en ekki fjölda nemenda í skólum. Fram til þessa hefur fjöldi nemenda í skólum aukist nokkuð en þeirri fjölgun hefur ekki verið mætt nægilega með auknum framlögum vegna aðhaldskrafna í ríkisrekstrinum undanfarin ár. Við þennan endurreikning á framlögum fyrir háskólastigið hefur verið höfð hliðsjón af fjölda nemenda eins og skólarnir hafa áætlað hann.

02-217 Hólaskóli - Háskólinn á Hólum

40,0

5.01 Viðhald fasteigna

*Ákvörðun Alþingis**Samþykkt á Alþingi**Alþingi*

Gerð er tillaga um 40 m.kr. tímabundið framlag til Hólaskóla - Háskólans á Hólum sem ætlað er til endurnýjunar og viðhalds eigna vegna hestafræðideildar skólans. Skólinn hefur um langt árabíll staðið fyrir kennslu í hestafræðum og hestamennsku. Vinsældir námsins hafa náð langt út fyrir landsteinana og erlendir nemendur hafa verið einn helsti vaxtarbroddur skólans. Um langa hríð hefur kennsluáðstöðu utandyra verið mjög ábótavant og er tillögunni ætlað að bæta úr því.

02-225 Háskólinn á Bifröst**10,0**

1.01 Háskólinn á Bifröst
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 10 m.kr. tímabundið framlag til Háskólans á Bifröst til að efla rannsóknamiðstöð og styrkja rekstrargrunn skólans.

02-225 Háskólinn á Bifröst**1,1**

1.01 Háskólinn á Bifröst
Ákvarðanir ríkisstjórnar
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárheimild Háskólans á Bifröst hækki um 1,1 m.kr. Tillagan er hluti af 617,1 m.kr. hækkun á framlagi til kennslu í háskólum og kemur til viðbótar sérstöku 463 m.kr. framlagi í frumvarpinu til að styrkja rekstrargrundvöll kennslu á háskólastigi þannig að samanlagt verði þessi viðbótarframlög 1.080 m.kr. árið 2015. Þessi auknu framlög fela í sér að háskólum er gert betur kleift að hafa fleiri nemendur í námi en gert var ráð fyrir í frumvarpinu, unnt verður að mæta kostnaðarbreytingum sem tengjast kjarasamningum við háskólakennara og prófessora á þessu ári og stuðlað er að því að meðalframlag á hvern ársnema hækki. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að nemendum fari fækkandi á komandi árum og vísað til þeirra áforma stjórnvalda að styrkja háskólakennslu með því að hækka framlög á hvern nemanda. Þessi stefna er í takt við þá niðurstöðu sem birtist í skýrslu OECD um að vandi Íslands í þessum efnunum liggi fyrst og fremst í lágum framlögum á hvern nemanda en ekki fjölda nemenda í skólum. Fram til þessa hefur fjöldi nemenda í skólum aukist nokkuð en þeirri fjölgun hefur ekki verið mætt nægilega með auknum framlögum vegna aðhaldskrafna í ríkisrekstrinum undanfarin ár. Við þennan endurreikning á framlögum fyrir háskólastigið hefur verið höfð hliðsjón af fjölda nemenda eins og skólarnir hafa áætlað hann.

02-227 Háskólinn í Reykjavík**10,0**

1.01 Háskólinn í Reykjavík
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 10 m.kr. tímabundið framlag til uppbyggingar málmfræði sem rannsókn- og kennsluviðs á Íslandi.

02-227 Háskólinn í Reykjavík**257,1**

1.01 Háskólinn í Reykjavík
Ákvarðanir ríkisstjórnar
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárheimild Háskólans í Reykjavík hækki um 257,1 m.kr. Tillagan er hluti af 617,1 m.kr. hækkun á framlagi til kennslu í háskólum og kemur til viðbótar sérstöku 463 m.kr. framlagi í frumvarpinu til að styrkja rekstrargrundvöll kennslu á háskólastigi þannig að samanlagt verði þessi viðbótarframlög 1.080 m.kr. árið 2015. Þessi auknu framlög fela í sér að háskólum er gert betur kleift að hafa fleiri nemendur í námi en gert var ráð fyrir í frumvarpinu, unnt verður að mæta kostnaðarbreytingum sem tengjast kjarasamningum við háskólakennara og prófessora á þessu ári og stuðlað er að því að meðalframlag á hvern ársnema hækki. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að nemendum fari fækkandi á komandi árum og vísað til þeirra áforma stjórnvalda að styrkja háskólakennslu með því að hækka framlög á hvern nemanda. Þessi stefna er í takt við þá niðurstöðu sem birtist í skýrslu OECD um að vandi Íslands í þessum efnunum liggi fyrst og fremst í lágum framlögum á hvern nemanda en ekki fjölda nemenda í skólum. Fram til þessa hefur fjöldi nemenda í skólum aukist nokkuð en þeirri fjölgun hefur ekki verið mætt nægilega með auknum framlögum vegna aðhaldskrafna í ríkisrekstrinum undanfarin ár. Við þennan endurreikning á framlögum fyrir háskólastigið hefur verið höfð hliðsjón af fjölda nemenda eins og skólarnir hafa áætlað hann.

02-228 Listaháskóli Íslands**17,6**

1.01 Listaháskóli Íslands
Ákvarðanir ríkisstjórnar
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárheimild Listaháskóla Íslands hækki um 17,6 m.kr. Tillagan er hluti af 617,1 m.kr. hækkun á framlagi til kennslu í háskólum og kemur til viðbótar sérstöku 463 m.kr. framlagi í frumvarpinu til að styrkja rekstrargrundvöll kennslu á háskólastigi þannig að samanlagt verði þessi viðbótarframlög 1.080 m.kr. árið 2015. Þessi auknu framlög fela í sér að háskólum er gert betur kleift að hafa fleiri nemendur í námi en gert var ráð fyrir í frumvarpinu, unnt verður að mæta kostnaðarbreytingum sem tengjast kjarasamningum við háskólakennara og prófessora á þessu ári og stuðlað er að því að meðalframlag á hvern ársnema hækki. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að nemendum fari fækkandi á komandi árum og vísað til þeirra áforma stjórnvalda að styrkja háskólakennslu með því að hækka framlög á hvern nemanda. Þessi stefna er í takt við þá niðurstöðu sem birtist í skýrslu OECD um að vandi Íslands í þessum efnum liggi fyrst og fremst í lágum framlögum á hvern nemanda en ekki fjölda nemenda í skólum. Fram til þessa hefur fjöldi nemenda í skólum aukist nokkuð en þeirri fjölgun hefur ekki verið mætt nægilega með auknum framlögum vegna aðhaldskrafna í ríkisrekstrinum undanfarin ár. Við þennan endurreikning á framlögum fyrir háskólastigið hefur verið höfð hliðsjón af fjölda nemenda eins og skólarnir hafa áætlað hann.

02-304 Menntaskólinn við Hamrahlíð**10,9**

1.01 Menntaskólinn við Hamrahlíð
Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að 10,9 m.kr. verði millifærðar af 02-319-1.90 Framhaldsskólar, óskipt á 02-304-1.01 Menntaskólinn við Hamrahlíð vegna leiðréttingar á nemendafjölda skólans sem er fjölgun um 14 ársnemendur frá forsendum frumvarpsins.

02-307 Menntaskólinn á Egilsstöðum**27,5**

1.01 Menntaskólinn á Egilsstöðum
Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að 27,5 m.kr. verði millifærðar af 02-319-1.90 Framhaldsskólar, óskipt á 02-307-1.01 Menntaskólinn á Egilsstöðum vegna leiðréttingar á nemendafjölda skólans sem er fjölgun um 23 ársnemendur frá forsendum frumvarpsins.

02-319 Framhaldsskólar, almennt**10,0**

1.12 Orlof kennara
Samningsbundið
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til 10 m.kr. framlag til að fjölga námsorlofum kennara um 1,5 í samræmi við viðauka við yfirlýsingu sem fylgir kjarasamningi framhaldsskólakennara. Gert er ráð fyrir að á samningstímanum verði þremur námsorlofum kennara bætt við, þ.e. einu á hverju ári samningsins. Hið fyrsta er almennt námsorlof en seinni tvö eru námsorlof sem skólameistarar sækja um fyrir hönd kennara. Með fjölguninni verða námsorlof samtals 38 talsins.

02-319 Framhaldsskólar, almennt**15,0**

1.12 Orlof kennara
Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að millifærðar verði 15 m.kr. af fjárlagaliðnum 02-319-1.90 Framhaldsskólar, óskipt á 02-319-1.12 Orlof kennara.

02-319 Framhaldsskólar, almennt	8,0
1.16 Nýjungar í skólastarfi <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 8 m.kr. tímabundið framlag til Fisktækniskóla Íslands í Grindavík.
02-319 Framhaldsskólar, almennt	5,0
1.30 Endurmenntun <i>Samningsbundið</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að veitt verði 5 m.kr. tímabundið framlag til tveggja ára til samstarfsnefndar um endurmenntun framhaldsskólakennara, í samræmi við viðauka við yfirlýsingu sem fylgir samkomulagi um breytingar og framlengingu á kjarasamningi framhaldsskólakennara. Í yfirlýsingunni kemur fram að gert sé ráð fyrir að framlagið verði fast á samningstímanum.
02-319 Framhaldsskólar, almennt	32,0
1.34 Myndlistarskólinn í Reykjavík <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Lagt er til að veitt verði 32 m.kr. framlag til sjónlistabrautar til stúdentsprófs sem er tveggja ára nám sem Myndlistaskólinn í Reykjavík hefur boðið upp á frá árinu 2011. Veitt hefur verið framlag vegna 32 ársnemenda af fjárveitingu til átaksverkefnisins Nám er vinnandi vegur. Sú fjárveiting hefur nú fallið niður en hér er gerð tillaga um framlag til að unnt verði að halda áfram kennslu á sjónlistabrautinni.
02-319 Framhaldsskólar, almennt	-75,0
1.42 Nýtt vinnumat framhaldsskólakennara <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Í frumvarpinu er gert ráð fyrir tímabundnu 75 m.kr. framlagi á fjárlagaliðnum 02-319-1.42 vegna vinnu við nýtt vinnumat í tengslum við kjarasamninga við framhaldsskólakennara. Við undirbúning og útfærslu á fyrirkomulagi vinnumatsins var ákveðið að fjársýsla þess verði á hendi fjármálaráðuneytisins og er því lagt til að fjárheimildin verði millifærð á fjárlagaliðinn 09-999-1.25.
02-319 Framhaldsskólar, almennt	35,0
1.90 Framhaldsskólar, óskipt <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 35 m.kr. tímabundið framlag til að mæta tímabundnum erfiðleikum fámennra framhaldsskóla vegna nemendafækkunar. Minni skólar (skólar með um 150 ársnemendur eða færri) eiga í meiri erfiðleikum með að mæta afleiðingum nemendafækkunar en stærri skólar og tillögunni er ætlað að koma til móts við þá. Sambærileg tillaga var samþykkt við 2. umræðu um frumvarp til fjárlagalista fyrir árið 2014.
02-319 Framhaldsskólar, almennt	-10,9
1.90 Framhaldsskólar, óskipt <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að 10,9 m.kr. verði millifærðar af 02-319-1.90 Framhaldsskólar, óskipt á 02-304-1.01 Menntaskólinn við Hamrahlíð vegna leiðréttingar á nemendafjölda skólans sem er fjölgun um 14 ársnemendur frá forsendum frumvarpsins.
02-319 Framhaldsskólar, almennt	-22,2
1.90 Framhaldsskólar, óskipt <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að 22,2 m.kr. verði millifærðar af 02-319-1.90 Framhaldsskólar, óskipt á 02-359-1.01 Verkmenntaskólinn á Akureyri vegna leiðréttingar á nemendafjölda skólans sem er fjölgun um 20 ársnemendur frá forsendum frumvarpsins.

02-319 Framhaldsskólar, almennt	-38,9
1.90 Framhaldsskólar, óskipt Millifært Samþykkt af ríkisstjórn Ríkisstjórn	Lagt er til að 38,9 m.kr. verði millifærðar af 02-319-1.90 Framhaldsskólar, óskipt á 02-370-1.01 Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ vegna leiðréttingar á nemendafjölda skólans sem er fjölgun um 40 ársnemendur frá forsendum frumvarpsins.
02-319 Framhaldsskólar, almennt	-27,5
1.90 Framhaldsskólar, óskipt Millifært Samþykkt af ríkisstjórn Ríkisstjórn	Lagt er til að 27,5 m.kr. verði millifærðar af 02-319-1.90 Framhaldsskólar, óskipt á 02-307-1.01 Menntaskólinn á Egilsstöðum vegna leiðréttingar á nemendafjölda skólans sem er fjölgun um 23 ársnemendur frá forsendum frumvarpsins.
02-319 Framhaldsskólar, almennt	-15,0
1.90 Framhaldsskólar, óskipt Millifært Samþykkt af ríkisstjórn Ríkisstjórn	Lagt er til að millifærðar verði 15 m.kr. af fjárlagaliðnum 02-319-1.90 Framhaldsskólar, óskipt á 02-319-1.12 Orlof kennara.
02-319 Framhaldsskólar, almennt	-17,8
1.90 Framhaldsskólar, óskipt Millifært Samþykkt af ríkisstjórn Ríkisstjórn	Lagt er til að 17,8 m.kr. verði millifærðar af 02-319-1.90 Framhaldsskólar, óskipt á 02-356-1.01 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra vegna leiðréttingar á nemendafjölda skólans sem er fjölgun um 15 ársnemendur frá forsendum frumvarpsins.
02-356 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	17,8
1.01 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra Millifært Samþykkt af ríkisstjórn Ríkisstjórn	Lagt er til að 17,8 m.kr. verði millifærðar af 02-319-1.90 Framhaldsskólar, óskipt á 02-356-1.01 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra vegna leiðréttingar á nemendafjölda skólans sem er fjölgun um 15 ársnemendur frá forsendum frumvarpsins.
02-359 Verkmenntaskólinn á Akureyri	22,2
1.01 Verkmenntaskólinn á Akureyri Millifært Samþykkt af ríkisstjórn Ríkisstjórn	Lagt er til að 22,2 m.kr. verði millifærðar af 02-319-1.90 Framhaldsskólar, óskipt á 02-359-1.01 Verkmenntaskólinn á Akureyri vegna leiðréttingar á nemendafjölda skólans sem er fjölgun um 20 ársnemendur frá forsendum frumvarpsins.
02-370 Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	38,9
1.01 Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ Millifært Samþykkt af ríkisstjórn Ríkisstjórn	Lagt er til að 38,9 m.kr. verði millifærðar af 02-319-1.90 Framhaldsskólar, óskipt á 02-370-1.01 Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ vegna leiðréttingar á nemendafjölda skólans sem er fjölgun um 40 ársnemendur frá forsendum frumvarpsins.

02-430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarkertra	5,0
1.01 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarkertra	
<i>Ákvörðun Alþingis Samþykkt á Alþingi Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 5 m.kr. hækkun á framlagi vegna táknaáskjalþjónustu í daglegu lífi. Um er að ræða notendur á öllum aldri sem fá styrk til túlkaþjónustu við ýmsar aðstæður, m.a. vegna atvinnuþátttöku og ýmissa annarra þátta sem falla utan opinberrar þjónustu eða samskipta við stjórnvöld eða dómstóla. Umfang þeirrar þjónustu sem unnt hefur verið að veita með styrk úr sjóði til táknaáskjalþjónunar í daglegu lífi er u.þ.b. 2.300 tímar á ári. Eftir mikla gjaldskrárhækkun á þjónustu túlka sem tók gildi í maí 2013 án þess að aukið fjármagn fylgdi fækkaði tímum sem hægt var að styrkja í u.þ.b. 1.800 tíma á ári. Gerð er tillaga um að hækka framlagið þannig að unnt verði að viðhalda umfangi þeirrar þjónustu sem áður var hægt að veita.
02-441 Fullorðinsfræðsla fatlaðra	11,6
1.01 Fullorðinsfræðsla fatlaðra	
<i>Ákvörðun Alþingis Samþykkt á Alþingi Alþingi</i>	Lagt er til að veitt verði 11,6 m.kr. framlag til að hækka rekstrarstyrk Fjölmenntar miðað við kjarasamninga framhaldsskólakennara. Samkvæmt samningi við ráðuneytið sér Fjölmennt um fullorðinsfræðslu fyrir fatlaða. Kennarar hjá Fjölmennt eru í Félagi framhaldsskólakennara. Fjölmennt hyggst gera breytingar á starfseminni í samræmi við þær breytingar sem boðaðar eru í kjarasamningum framhaldsskólakennara sem snúa að styttingu náms á framhaldsskólastigi um eitt ár og breyttu vinnumati kennara.
02-451 Framhaldsfræðsla	-3,0
1.26 Þekkingarnet Austurlands	
<i>Millifært Samþykkt af ríkisstjórn Ríkisstjórn</i>	Gerð er tillaga um 3 m.kr. millifærslu frá Þekkingarneti Austurlands til Fræðslunets Suðurlands þar sem Sveitarfélagið Hornafjörður hefur gengið úr Samtökum sveitarfélaga á Austurlandi yfir í Samtök sunnlenskra sveitarfélaga.
02-451 Framhaldsfræðsla	10,0
1.27 Fræðslunet Suðurlands	
<i>Ákvörðun Alþingis Samþykkt á Alþingi Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 10 m.kr. tímabundið framlag til Fræðslunets Suðurlands vegna aukinnar þjónustuþarfar.
02-451 Framhaldsfræðsla	3,0
1.27 Fræðslunet Suðurlands	
<i>Millifært Samþykkt af ríkisstjórn Ríkisstjórn</i>	Gerð er tillaga um 3 m.kr. millifærslu frá Þekkingarneti Austurlands til Fræðslunets Suðurlands þar sem Sveitarfélagið Hornafjörður hefur gengið úr Samtökum sveitarfélaga á Austurlandi yfir í Samtök sunnlenskra sveitarfélaga.
02-519 Vinnustaðanámssjóður	150,0
1.10 Vinnustaðanámssjóður	
<i>Ákvarðanir ríkisstjórnar Samþykkt af ríkisstjórn Ríkisstjórn</i>	Lagt er til 150 m.kr. framlag í vinnustaðanámssjóð. Í tengslum við átakið Nám er vinnandi vegur var veitt 150 m.kr. tímabundið framlag í sjóðinn. Þar sem starfsnámsnemum sem fara á námssamning hjá fyrirtækjum fer nú fjölgandi hefur eftirspurn eftir styrkjum til vinnustaðanáms aukist. Samkvæmt bréfi frá stjórn sjóðsins hefur reynslan af úthlutun styrkja til þessa sýnt að þeir skila tilætluðum árangri. Eftir því sem styrkfjárhæð minnkar glata styrkirnir þýðingu sinni og fyrirtæki eða stofnanir munu fyrirsjáanlega ekki telja það umstangsins vert að sækja um þá.

02-720 Grunnskólar, almennt	10,0
1.31 Sérstök fræðsluverkefni <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 10 m.kr. tímabundið framlag til Híðarskóla á Akureyri.
02-911 Náttúruminjasafn Íslands	0,0
1.01 Náttúruminjasafn Íslands <i>Breyttar forsendur</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að rekstrarumfang liðarins hækki um 3 m.kr. en rekstur sem fjármagnaður er með sértekjum hefur verið vanmetinn í fjárlögum. Tillagan hefur ekki í för með sér breytingu á útgjaldaramma ráðuneytisins þar sem fjárheimild til útgjalda breytist jafnmikið og áætlaðar sértekjur.
02-919 Söfn og menningarminjar	1,0
1.90 Styrkir á sviði menningararfs <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 1 m.kr. tímabundið framlag til endurbyggingar samkomuhússins á Nauteyri. Fyrirhugað er að breyta húsinu í safn og fræðimannasetur til minningar um skáldið Stein Steinarr.

02-971 Ríkisútlvarpið**181,9**

1.10 Ríkisútlvarpið
Ákvarðanir ríkisstjórnar
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að veitt verði 181,9 m.kr. tímabundið framlag til að styrkja rekstur Ríkisútlvarpsins. Ekki hefur tekist að halda fjárhagsstöðu þess í viðunandi horfi á undanförunum árum og hefur ríkissjóður nokkrum sinnum þurft að taka á sig veruleg útgjöld til að bæta stöðu þess. Þannig voru afskrifaðar skuldir hlutafélagsins við ríkissjóð sem námu 625 m.kr. árið 2006, þegar verið var að koma félaginu á fót, 65 m.kr. árið 2007 og 123 m.kr. árið 2008. Árið 2009 var síðan afskrifaður 563 m.kr. hlutur ríkisins í Ríkisútlvarpinu sem var færður til gjalda hjá ríkissjóði. Á móti jók ríkið eigið fé Ríkisútlvarpsins um sömu upphæð með því að breyta uppsafnaðri skuld þess við ríkið í hlutafé. Samtals nema þessar afskriftir ríflega 2 mia.kr. á verðlagi ársins 2015. Megintilgangur þessara aðgerða var að eiginfjárlutfall í nýju opinberu hlutafélagi, sem var stofnað 1. apríl 2007, mundi haldast í 15%. Árið 2009 þurfti jafnframt að leggja félaginu til 570 m.kr. aukafjárveitingu, 716 m.kr. á verðlagi ársins 2015, þar sem eigið fé var aftur uppurið sökum rekstrarvanda.

Tillagan felur í sér að Ríkisútlvarpið fái fjárheimild til ráðstöfunar sem samsvarar áætluðum innheimtum tekjum ríkissjóðs af útlvarpsgjaldi á árinu 2015 eða 3.680 m.kr. Í þessu sambandi skal þess getið að með lögum nr. 23/2013, um Ríkisútlvarpið, fjölmiðil í almannabágu, var lögfest mörkun á útlvarpsgjaldinu til Ríkisútlvarpsins sem tekur þó ekki gildi fyrir en árið 2016. Framlagið samkvæmt þessari tillögu verður því greitt beint úr ríkissjóði og breytir ekki fyrri áformum um að mörkun teknanna taki gildi í byrjun árs 2016. Þá hefur enn fremur verið lögfest að útlvarpsgjaldið lækki á árinu 2015 og svo aftur 2016 þannig að innheimtar tekjur af gjaldinu eru áætlaðar 3.430 m.kr. á árinu 2016. Það felur í sér að tillaga um aukið framlag er tímabundin og mun framlagið því lækka um 250 m.kr. árið 2016 þegar mörkun tekna af útlvarpsgjaldi tekur gildi.

Þessi tímabundna fjárheimild sem lögð er til hér og útgreiðsla hennar til Ríkisútlvarpsins er háð skilyrðum um að á vegum stjórnar og stjórnenda félagsins fari fram vinna að fjárhagslegri endurskipulagningu og að haldbærar rekstraráætlanir verði gerðar þar sem fram komi hvernig starfsemi stofnunarinnar verði komið á réttan kjöl og hún verði sjálfbær til frambúðar. Þær áætlanir um starfsemina þurfa að liggja fyrir eigi síðar en í lok mars 2015 til yfirferðar í fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Ef mat ráðuneytisins verður að þær áætlanir dugi ekki til þess að ná markmiðum um sjálfbæran rekstur stofnunarinnar er áformað að fjárheimildin verði felld niður í fjáráukalögum fyrir árið 2015.

02-981 Kvikmyndamiðstöð Íslands**3,0**

1.01 Kvikmyndamiðstöð Íslands
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 3 m.kr. tímabundið framlag til Kvikmyndamiðstöðvar Íslands vegna stuðnings við kvikmyndahátíðir.

02-981 Kvikmyndamiðstöð Íslands	0,0
1.01 Kvikmyndamiðstöð Íslands <i>Breyttar forsendur Samþykkt af ríkisstjórn Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að sértekjur Kvikmyndamiðstöðvar Íslands lækki um 9,8 m.kr. vegna ýmissa breytinga. Kvikmyndamiðstöð sér um umsýslu á 20% endurgreiðslu vegna kvikmyndagerðar á Íslandi og fær 6 m.kr. sértekjur vegna þessa á ársgrundvelli. Næsta ár mun Kvikmyndamiðstöðin leigja skrifstofuaðstöðu til Miðstöðvar íslenskra bókmennta en sértekjurnar vegna þess nema 1.920.000 kr. á ári. Samtals ættu því sértekjur að vera að lágmarki 7.920.000 kr. eins og staðan er núna. Loks hefur MEDIA-verkefnið verið flutt frá Kvikmyndamiðstöðinni og hefur stofnunin því ekki lengur tekjur vegna þess.
02-981 Kvikmyndamiðstöð Íslands	50,0
1.10 Kvikmyndasjóðir <i>Ákvörðun Alþingis Samþykkt á Alþingi Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 50 m.kr. tímabundið framlag til að efla íslenska kvikmyndagerð.
02-982 Listir	10,0
1.11 Myndlistasjóður <i>Ákvörðun Alþingis Samþykkt á Alþingi Alþingi</i>	Lagt er til að framlag til Myndlistarsjóðs hækki um 10 m.kr. þannig að það haldist óbreytt frá fjárlögum fyrir árið 2014.
02-982 Listir	15,0
1.14 Bókasafnssjóður höfunda <i>Ákvörðun Alþingis Samþykkt á Alþingi Alþingi</i>	Lagt er til að framlag til Bókasafnssjóðs höfunda hækki um 15 m.kr. til að styðja frekar við sjóðinn og starfsemi bókasafna en á undanförunum árum hefur þurft að skera þennan sjóð niður vegna erfiðrar stöðu ríkissjóðs.
02-982 Listir	15,0
1.18 Miðstöð íslenskra bókmennta <i>Ákvörðun Alþingis Samþykkt á Alþingi Alþingi</i>	Lagt er til að veitt verði 15 m.kr. framlag til Miðstöðvar íslenskra bókmennta. Kynningarmiðstöðin hefur á undanförunum árum unnið árangursríkt starf í kynningu á íslenskum bókmenntum. Rithöfundar, þýðendur og bókaforlög hafa notið góðs af þeirri vinnu. Kynningarstarfsemi miðstöðvarinnar hefur m.a. skilað sér í aukinni bókasölu íslenskra höfunda erlendis ásamt því að góð landkynning er fólgin í því að íslenskar bókmenningar komist í sviðsljósið sem víðast.
02-982 Listir	10,0
1.22 Starfsemi áhugaleikfélaga <i>Ákvörðun Alþingis Samþykkt á Alþingi Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 10 m.kr. tímabundið framlag til áhugaleikfélaga.
02-982 Listir	10,0
1.25 Tónlistarsjóður <i>Ákvörðun Alþingis Samþykkt á Alþingi Alþingi</i>	Lagt er til að veitt verði 10 m.kr. framlag í Tónlistarsjóð.

02-982 Listir	20,0
1.30 Íslenska óperan <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 20 m.kr. tímabundið framlag vegna rekstrarerfiðleika Íslensku óperunnar.
02-982 Listir	7,0
1.80 Listahátíð í Reykjavík <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 7 m.kr. tímabundið framlag til Listahátíðar í Reykjavík.
02-982 Listir	10,0
1.91 Menningarstofnanir, óskipt <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 10 m.kr. tímabundið framlag til Skaftfells, miðstöðvar myndlistar á Austurlandi, til að styrkja rekstrargrunn stofnunarinnar vegna fræðslustarfsemi á sviði myndlistar í grunn- og framhaldsskólum á Austurlandi, auk reksturs gestavinnustofu fyrir listamenn, sýningarhalds og samstarfs við Listaháskóla Íslands og erlenda háskóla.
02-983 Ýmis fræðistörf	10,0
1.53 Snorrastofa <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 10 m.kr. tímabundið framlag til Snorrastofu í Reykholti sem er ætlað að mæta uppsöfnuðum rekstrarvanda.
02-988 Æskulýðsmál	10,0
1.12 Ungmennafélag Íslands <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 10 m.kr. tímabundið framlag til Ungmennafélags Íslands.
02-988 Æskulýðsmál	10,0
1.13 Bandalag íslenskra skáta <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 10 m.kr. tímabundið framlag til Bandalags íslenskra skáta.
02-988 Æskulýðsmál	5,0
1.17 KFUM og KFUK á Íslandi <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 5 m.kr. tímabundið framlag til að styrkja starf æskulýðsmiðstöðvar í Vatnaskógi, m.a. sumarbúðir fyrir börn með sérþarfir.
02-988 Æskulýðsmál	4,0
1.18 Æskulýðsrannsóknir <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 4 m.kr. tímabundið framlag til sundkennslu barna frá Austur-Grænlandi. Kalak, vinafélag Íslands og Grænlands, býður grænenskum börnum árlega til sundkennslu á Íslandi.
02-989 Ýmis íþróttamál	50,0
1.91 Smáþjóðaleikar 2015 <i>Ákvarðanir ríkisstjórnar</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til 50 m.kr. tímabundið framlag vegna Smáþjóðaleikanna sem haldnir verða í Reykjavík 1.-6. júní 2015.

02-999 Ýmislegt	5,0
1.98 Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 5 m.kr. tímabundið framlag til Kvenfélagasambands Íslands.
02-999 Ýmislegt	3,0
1.98 Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 3 m.kr. tímabundið framlag til samtaka um alþjóðleg ungmennaskipti (AUS).
02-999 Ýmislegt	3,0
1.98 Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 3 m.kr. tímabundið framlag til Flugsafns Íslands á Akureyri.
02-999 Ýmislegt	10,0
1.98 Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 10 m.kr. tímabundið framlag til LungA-skólans, listaskóla á Seyðisfirði sem nýlega hefur tekið til starfa.
02-999 Ýmislegt	5,0
1.98 Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Lagt er til að veitt verði 5 m.kr. framlag til reksturs Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar (ÚTÓN)
02-999 Ýmislegt	2,0
1.98 Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 2 m.kr. tímabundið framlag til Íþróttasambands fatlaðra vegna Ólympíuleika fatlaðra. Helstu verkefni Íþróttasambands fatlaðra í tengslum við Ólympíuleika eru sumar- og vetrarólympíuleikar. Einnig eru þátttakendur sendir á Special Olympics. Aður hafa verið veitt tímabundin viðbótarframlög í fjárlögum í aðdraganda Ólympíuleika og á Ólympíuári.
02-999 Ýmislegt	10,0
1.98 Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 10 m.kr. tímabundið framlag til Leikfélags Reykjavíkur í því skyni að styrkja rekstrargrundvöll Borgarleikhússins.

02-999 Ýmislegt**8,0**

1.98 Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Lagt er til að veitt verði 8 m.kr. tímabundið framlag til ýmissa styrkja á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis. Í fyrsta lagi er lagt til að veittar verði 2 m.kr. til að minnast 800 ára afmælis Sturlu Þórðarsonar. 1 m.kr. rennur til að styðja við ráðstefnu um hann í Reykjavík og 1 m.kr. til að gefa út bók á ensku sem byggist á erindum ráðstefnunnar. Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 3 m.kr. framlag í tilefni þess að 31. október sl. voru liðin 150 ár frá fæðingu Einars Benediktssonar, skálds, sýslumanns og athafnamanns. Af því tilefni efndu afkomendur hans og aðrir áhuga- og fróðleiksmenn um ævi og kveðskap Einars til afmælishátíðar 3. nóvember í Norðurljósal Hörpu. Mennta- og menningarmálaráðuneyti veitti fyrir á þessu ári 500 þús. kr. styrk til undirbúnings. Í þriðja lagi er lagt til að veitt verði 3 m.kr. framlag til afmælishátíðar Friðriks Ólafssonar.

Samtals mennta- og menningarmálaráðuneyti 1.376,6**03-190 Ýmis verkefni****10,0**

1.27 Norðurslóðasamstarf

Ákvarðanir ríkisstjórnar
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárheimild liðarins verði hækkuð um 10 m.kr. Tilefnið er samþykki ráðherranefndar um málefni norðurslóða um að auka svigrúm þriggja ráðuneyta til að efla norðurslóðasamstarf stjórnvalda, innan lands sem erlendis. Ráðuneytin sem um ræðir eru innanríkisráðuneyti, umhverfis- og auðlindaráðuneyti og mennta- og menningarmálaráðuneyti.

03-300 Sendiráð Íslands**40,0**

1.01 Sendiráð Íslands

Ákvarðanir ríkisstjórnar
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Í ljósi breyttra áherslna Íslands í utanríkismálum er gerð tillaga um 40 m.kr. framlag til að styrkja rekstrargrunn sendiskrifstofa. Fjárveitingin verður notuð til að styrkja hagsmunagæslu Íslands í milliríkjasamskiptum, t.d. varðandi EES-samninginn, gerð viðskiptasamninga og tvíhliða samskipti við mikilvægar viðskiptaþjóðir.

03-611 Íslandsstofa**9,0**

1.10 Íslandsstofa

Fjármagnað með ríkistekjum
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 9 m.kr. hækkun framlags til Íslandsstofu. Í endurskoðaðri tekjuáætlun fyrir árið 2015 er reiknað með að innheimtar ríkistekjur af markaðsgjaldi verði 543 m.kr. en í tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins voru tekjurnar áætlaðar 534 m.kr. Tekjur af markaðsgjaldi renna óskiptar til Íslandsstofu.

Samtals utanríkisráðuneyti 59,0

04-190 Ýmis verkefni

45,5

1.98 Ýmis framlög atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis

*Ákvarðanir ríkisstjórnar**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lagt er til 45,5 m.kr. framlag vegna styrkja til menningartengdrar ferðaþjónustu. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, og forverar þess, hafa verið aðilar að menningarsamningum við sveitarfélög um allt land frá árinu 2005. Framlagið var alls 39,9 m.kr. á ári í þeim samningum sem giltu árin 2011-2013. Frá árinu 2010 hefur ráðuneytið hins vegar ekki fengið sérstaka fjármuni til þessara samninga en verið til þeirra hluta af því verkefnafé sem ætlað er til ferðamála. Fjöldmörg söfn, setur og fyrirtæki á landsbyggðinni miðla menningu og menningararfi og er rekstrargrundvöllur þeirra mjög mismunandi, en langflest eru þó rekin með opinberu fé eða háð styrkjum úr stoðkerfi á einn eða annan hátt. Aukinn fjöldi ferðamanna setur mikinn þrýsting á að öflug uppbygging verði um allt land og hafa menningarsamningarnir verið mikilvægur liður í þessari uppbyggingu. Upphæðin er 6,5 m.kr. á hvern landshluta eða 45,5 m.kr. alls. Í frumvarpi til fjárukalaga fyrir árið 2014 er gert ráð fyrir 45,5 m.kr. framlagi vegna þessa.

04-190 Ýmis verkefni

50,0

1.98 Ýmis framlög atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis

*Millifært**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lagt er til að 50 m.kr. tímabundið framlag til eins árs samkvæmt frumvarpinu, til framkvæmda á iðnaðarlóð vegna fiskeldis á Bíldudal á fjárlagalið 04-528-1.46, verði millifært á þennan fjárlagalið. Betur fer á því að fjárveiting vegna byggðamála verði veitt af fjárlagalið sem heyrir undir málaflökk sjávarútvegs- og landbúnaðarmála en undir hann falla m.a. byggðamál sem þetta verkefni snýr að.

04-215 Fiskistofa

60,0

1.01 Fiskistofa

*Ákvörðun Alþingis**Samþykkt á Alþingi**Alþingi*

Lögð er til 60 m.kr. tímabundin fjárveiting til Fiskistofu vegna flutnings höfuðstöðva Fiskistofu til Akureyrar. Með flutningnum fjölgar opinberum störfum á Akureyri um 27. Hjá Fiskistofu starfa rúmlega 70 starfsmenn á fimm starfsstöðvum á landinu. Í undirbúningi fyrir flutninginn er gert ráð fyrir að tölvudeild Fiskistofu, sem jafnframt þjónar Hafrannsóknastofnun, verði áfram á höfuðborgarsvæðinu ásamt því að starfsmenn sem eru eldri en 60 ára geti lokið starfsævi sinni á höfuðborgarsvæðinu á þeirri starfsstöð sem þar verður. Kostnaðurinn við flutninginn er áætlaður um 209 m.kr. og fellur hann til á tveimur árum. Á árinu 2015 er kostnaðurinn áætlaður um 175 m.kr. og 34 m.kr. á árinu 2016. Í annarri tillögu, á fjárlagalið 04-541 Byggðaáætlun, er lagt til að 70 m.kr. fjárheimild vegna eftirstöðva fyrri ára verði flutt á fjárlagalið Fiskistofu til að greiða að hluta kostnað við flutninginn. Áætlað er að þær 45 m.kr. sem þarf til viðbótar á árinu 2015 komi af núverandi fjárveitingum Fiskistofu. Kostnaðinum má skipta í þrennt. Í fyrsta lagi er reiknað með að kostnaður við þjálfun nýrra starfsmanna og greiðsla til starfsmanna sem kjósa að flytja ekki með stofnuninni norður verði samtals um 143 m.kr. Húsaleigukostnaður eykst á árinu 2015 tímabundið þar sem gera verður ráð fyrir að greiða tvöfalda húsaleigu á því tímabili. Þá mun ferðakostnaður aukast við flutningana en samtals er þessi liður áætlaður 19,5 m.kr. Að lokum er gert ráð fyrir stofnkostnaði vegna breytinga á húsnæði í Hafnarfirði eða flutnings á starfseminni annað á höfuðborgarsvæðinu og kaupa á nýjum húsgögnum í húsnæði á Akureyri ásamt tölvubúnaði og nýjum símabúnaði sem nemi 46,5 m.kr.

04-215 Fiskistofa**70,0**

1.01 Fiskistofa

*Millifært**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lagt er til að 70 m.kr. framlag verði flutt tímabundið í eitt ár til Fiskistofu af fjárlagaliðnum 04-541 Byggðaáætlun, en gert er ráð fyrir að framlagið verði notað til að greiða hluta af kostnaði við flutning höfuðstöðva Fiskistofu til Akureyrar. Tillagan gerir ráð fyrir að eftirstöðvar af fjárheimildum fyrri ára upp á um 70 m.kr. á fjárlagalið byggðaáætlunar verði fluttar til Fiskistofu til að standa straum af fyrrgreindum kostnaði. Á liðnum árum hefur ekki allt fé sem hefur verið ætlað til byggðamála verið nýtt, m.a. vegna þess að verkefni sem höfðu verið samþykkt fóru ekki af stað eða í einhverjum tilfellum var hætt við þau áður en þau voru fullgerð og því ekki þörf fyrir fjármagnið. Kostnaður við flutninginn er metinn á ríflega 200 m.kr. en með honum mun opinberum störfum á Akureyri fjölga um rúmlega tuttugu. Stærsti kostnaðarliðurinn er vegna þeirra starfsmanna sem ekki flytjast með stofnuninni norður en einnig eykst húsnæðiskostnaður og annar rekstrarkostnaður tímabundið á árinu 2015 og eitthvað á árinu 2016. Þessu til viðbótar er í annarri tillögu á fjárlagalið Fiskistofu gert ráð fyrir 60 m.kr. framlagi vegna kostnaðar við flutninginn auk þess sem gert er ráð fyrir að 45 m.kr. verði notaðar til hans af núverandi fjárheimildum stofnunarinnar. Samtals er því áætlað að kostnaður vegna flutningsins á árinu 2015 verði um 175 m.kr. en gert er ráð fyrir að um 34 m.kr. kostnaður falli til á árinu 2016.

04-401 Hafrannsóknastofnunin**50,0**

1.01 Hafrannsóknastofnunin

*Ákvarðanir ríkisstjórnar**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lagt er til 50 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár til að efla tækjabúnað Hafrannsóknastofnunar. Endunýjun og viðhaldi rannsókn- og tækjabúnaðar rannsóknaskipa hefur verið frestað mörg undanfarin ár á sama tíma og ný og aukin verkefni hafa bæst við skyldur Hafrannsóknastofnunar. Má þar nefna auknar rannsóknir á norsk-íslenskri síld og á makríl, á breyttum umhverfisaðstæðum og á burðarþoli fjarða vegna eldis. Margs konar búnaður, tæki og verkfæri eru að verða úr sér gengin og nauðsynlegt að endurnýja þetta á árinu. Þá hafa veiðarfæri tapast sem ekki hefur verið kleift að endurnýja. Brýnt er að endurnýja veiðarfæri til rannsókna á uppsjávarfiskum, rækju og ljósátu og er áætlaður kostnaður um 20 m.kr. Einnig er þörf á endurnýjun voga og fiskleitar-, fjarskipta- og staðsetningartækja vegna rannsókna og kælibúnaðar til að bæta meðferð rannsóknarafla og er kostnaður við það áætlaður um 15 m.kr. Að lokum er gert ráð fyrir að uppfæra stjórnubúnað fyrir vélar í Árna Friðrikssyni og er kostnaður við það áætlaður um 15 m.kr.

04-417 Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs**21,6**

1.10 Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs

*Fjármagnað með ríkistekjum**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lögð er til 21,6 m.kr. fjárveiting á liðinn. Skv. 6. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, hefur ráðherra til ráðstöfunar aflaheimildir skv. 5. mgr. 8. gr. í óslægðum botnfiski, sem gegn greiðslu gjalds er heimilt að ráðstafa til skipa sem hafa leyfi til frístundaveiða, og skulu tekjur af aflaheimildum þessum renna í rannsóknasjóð til að auka verðmæti sjávarfangs. Í reglugerð nr. 759/2014, um sérstaka úthlutun aflaheimilda til frístundaveiðiskipa á fiskveiðiárinu 2014/2015, er heimilt að úthluta allt að 200 lestum af óslægðum botnfiski á því fiskveiðiári. Áætlað er að á árinu 2015 verði tekjur af þessum aflaheimildum 21,6 m.kr. og er hér gerð tillaga um að ráðstafa tekjunum í samræmi við téð lagaákvæði.

04-417 Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs	20,5
1.10 Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs	
<i>Lögbundið</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til tímabundið 20,5 m.kr. framlag á þessum lið. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði VIII í lögum nr. 116/2001, um stjórn fiskveiða, hefur ráðherra til ráðstöfunar, til sérstakrar úthlutunar fiskveiðiárið 2014/2015, 2.000 lestir af síld (íslenski sumargotssíld) og 2.000 lestir af norsk-íslenskri síld. Aflaheimildum þessum er heimilt að ráðstafa til fiskiskipa sem hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni gegn gjaldi sem er 16 kr. fyrir hvert kíló af síld. Samkvæmt lögnum skulu tekjur af aflaheimildum þessum renna til ríkissjóðs og skal þeim ráðstafað á þann veg að þær renni í rannsóknasjóð til að auka verðmæti sjávarfangs með það að markmiði að stuðla að rannsóknum, nýsköpun og þróun í sjávarbyggðum. Áætlað er að á árinu 2015 verði tekjur ríkissjóðs af þessum aflaheimildum 20,5 m.kr. og er hér gerð tillaga um jafnmikið framlag úr ríkissjóði í samræmi við téð lagaákvæði.
04-423 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	28,6
1.01 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	
<i>Ákvarðanir ríkisstjórnar</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að veitt verði 28,6 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár vegna kostnaðar sem fellur til við niðurlagningu stofnunarinnar. Skýrist það fyrst og fremst af biðlaunakostnaði vegna þriggja starfsmanna.
04-481 Rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar	55,0
1.01 Rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar	
<i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 55 m.kr. tímabundið framlag til að efla rannsóknir í landbúnaði. Frá sameiningu Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri hefur atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið gert samning um rannsóknir í landbúnaði við Landbúnaðarháskóla Íslands. Hér er lögð til viðbót við framlagið sem þar er gert ráð fyrir og því gæti komið til endurskoðunar á samningnum.
04-528 Nýsköpun og atvinnuþróun	-50,0
1.46 Styrkur til framkvæmda við iðnaðarlóð vegna fiskeldisvinnslu á Bíldudal	
<i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að 50 m.kr. tímabundið framlag til eins árs samkvæmt frumvarpinu, til framkvæmda á iðnaðarlóð vegna fiskeldis á Bíldudal á fjárlagalið 04-528-1.46, verði millifært á fjárlagaliðinn 04-190-1.98 Ýmis framlög atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Betur fer á því að fjárveiting vegna byggðamála verði veitt af fjárlagalið sem heyrir undir málaflokk sjávarútvegs- og landbúnaðarmála en undir hann falla m.a. byggðamál sem þetta verkefni snýr að.
04-541 Byggðaáætlun og sóknaráætlanir landshluta	50,0
1.10 Byggðaáætlun	
<i>Ákvarðanir ríkisstjórnar</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til 50 m.kr. tímabundið framlag vegna sértækra aðgerða á varnarsvæðum er snúa að brothættum byggðarlögum í tengslum við framkvæmd byggðaáætlunar. Meginmarkmið með framkvæmd stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2014-2017 er að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu, jafna lífskjör og stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga um land allt. Sérstök áhersla er lögð á stuðning við svæði sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf.

04-541 Byggðaaætlun og sóknaráætlanir landshluta**-70,0**

1.10 Byggðaaætlun

*Millifært**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lagt er til að 70 m.kr. framlag verði flutt tímabundið í eitt ár til Fiskistofu, á fjárlagaliðinn 04-215 Fiskistofa, en gert er ráð fyrir að framlagið verði notað til að greiða hluta af kostnaði við flutning höfuðstöðva Fiskistofu til Akureyrar. Tillagan gerir ráð fyrir að eftirstöðvar af fjárheimildum fyrri ára upp á um 70 m.kr. á fjárlagalið byggðaaætlunar verði fluttar til Fiskistofu til að standa straum af fyrrgreindum kostnaði. Á liðnum árum hefur ekki allt fé sem hefur verið ætlað til byggðamála verið nýtt, m.a. vegna þess að verkefni sem höfðu verið samþykkt fóru ekki af stað eða í einhverjum tilfellum var hætt við þau áður en þau voru fullgerð og því ekki þörf fyrir fjármagnið. Kostnaður við flutninginn er metinn á ríflega 200 m.kr. en með honum mun opinberum störfum á Akureyri fjölga um rúmlega tuttugu. Stærsti kostnaðarliðurinn er vegna þeirra starfsmanna sem ekki flytjast með stofnuninni norður en einnig eykst húsnæðiskostnaður og annar rekstrarkostnaður tímabundið á árinu 2015 og eitthvað á árinu 2016. Þessu til viðbótar er í annarri tillögu á fjárlagalið Fiskistofu gert ráð fyrir 60 m.kr. framlagi vegna kostnaðar við flutninginn auk þess sem gert er ráð fyrir að 45 m.kr. verði notaðar til hans af núverandi fjárheimildum stofnunarinnar. Samtals er því áætlað að kostnaður vegna flutningsins á árinu 2015 verði um 175 m.kr. en gert er ráð fyrir að um 34 m.kr. kostnaður falli til á árinu 2016.

04-541 Byggðaaætlun og sóknaráætlanir landshluta**85,0**

1.15 Sóknaráætlanir landshluta

*Ákvarðanir ríkisstjórnar**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lagt er til að veittar verði 85 m.kr til sóknaráætlana landshluta. Að auki er í annarri tillögu gert ráð fyrir 15 m.kr. millifærslu af fjárlagalið 09-982, sóknaráætlanir landshluta, þar sem gert er ráð fyrir að verkefnið flytjist frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu til atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins. Mikilvægt er að tryggja fjármagn til sóknaráætlana til að hægt sé að semja við landshluta á grundvelli stefnumótunar og áætlanagerðar hvers landshluta. Markmið sóknaráætlana er að einfalda og efla samskipti ríkis og sveitarfélaga og tryggja gagnsæi, hagkvæmni og skilvirkni við úthlutun og umsýslu fjárveitinga úr ríkissjóði sem ekki fara til lögbundinna verkefna í landshlutum.

04-541 Byggðaaætlun og sóknaráætlanir landshluta**2,0**

1.15 Sóknaráætlanir landshluta

*Ákvörðun Alþingis**Samþykkt á Alþingi**Alþingi*

Gerð er tillaga um 2 m.kr. tímabundið framlag til rannsóknastöðvarinnar Rifs ses. á Raufarhöfn sem er afsprengi átaksverkefnis Byggðastofnunar sem nefnist Brothættar byggðir. Gert er ráð fyrir að þar verði m.a. stundaðar norðurslóðarannsóknir.

04-541 Byggðaaætlun og sóknaráætlanir landshluta**15,0**

1.15 Sóknaráætlanir landshluta

*Millifært**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lagt er til að 15 m.kr. verði millifærðar yfir á þennan lið af liðnum 09-992-1.10 Sóknaráætlanir landshluta. Tilfnið er að sóknaráætlanir landshluta sem hafa verið á forræði fjármála- og efnahagsráðuneytisins færast á forræði atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.

04-559 Ýmis ferðamál**60,0**

1.98 Ferðamál, ýmis verkefni
 Ákvörðun Alþingis
 Samþykkt á Alþingi
 Alþingi

Gerð er tillaga um 60 m.kr. tímabundið framlag til rannsókna á ferðamálum. Gert er ráð fyrir að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið geri rannsóknáætlun sem nái til gagnaöflunar, ráðgjafar og þjónsturannsókna auk fræðirannsókna. Mjög hefur skort á viðhlítandi rannsóknir á þessu sviði þrátt fyrir aukin umsvif ferðaþjónustunnar á síðustu árum.

04-583 Niðurgreiðslur á húshitun**70,8**

1.11 Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis
 Ákvarðanir ríkisstjórnar
 Samþykkt af ríkisstjórn
 Ríkisstjórn

Lagt er er til framlög til niðurgreiðslu á húshitun verði aukin um 70,8 m.kr. til að mæta áhrifum af frumvörpum sem nú liggja fyrir Alþingi um breytingu á lögum um virðisaukaskatt og lögum um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku. Orkustofnun gerir ráð fyrir að verði frumvörpin að lögum muni þau hafa umtalsverð og ójöfn áhrif á orkukostnað vegna upphitunar húsnæðis. Þar er fyrst og fremst um að ræða þann hóp með rafhitun í þéttbýli þar sem áhrfin munu leiða til tvöfaldrar hækkunar, annars vegar fyrst með jöfnunargjaldi og svo hins vegar með breytingum á virðisaukaskatti sem þar að auki verða umfangsmeiri í krónum talið vegna herra grunnverðs á rafhitun en jarðvarma. Rík krafa er því um að komið verði til móts við þennan hóp en þær mótvægisáðgerðir sem þessi tillaga snýr að mundu fela í sér að mætt yrði jöfnunargjaldi sem leggst á rafhitun í þéttbýli umfram jarðvarma og einnig mætt þeim mismun í krónum sem fellur á rafhitun í þéttbýli umfram jarðvarma vegna breytinga á virðisaukaskatti. Áætlað er að kostnaður vegna slíkra mótvægisáðgerða nemi í heild 70,8 m.kr. sem er þá sú upphæð sem bæta þarf við niðurgreiðslur á rafhitun til að eyða áhrifum frumvarpanna á einn hóp umfram aðra.

04-811 Bændasamtök Íslands**0,0**

1.11 Ráðgjafarþjónusta og búfjárrækt
 Ákvörðun Alþingis
 Samþykkt á Alþingi
 Alþingi

Lagt er til að heiti fjárlagaliðarins 04-811 Bændasamtök Íslands verði: Búnaðarlagasamningur.

Samtals atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti 564,0**06-190 Ýmis verkefni****4,0**

1.98 Ýmis framlög innanríkisráðuneytis
 Ákvörðun Alþingis
 Samþykkt á Alþingi
 Alþingi

Gerð er tillaga um tímabundið 4 m.kr. framlag til Hins íslenska biblíufélags.

06-303 Ríkislögreglustjóri**41,0**

1.01 Ríkislögreglustjóri
 Ákvarðanir ríkisstjórnar
 Samþykkt af ríkisstjórn
 Ríkisstjórn

Lögð er til 41 m.kr. hækkun á framlagi til að kosta mannaða öryggisgæslu lögreglu á Bessastöðum. Um er að ræða mat ríkislögreglustjóra á því hvað slík gæsla kostar á ári. Þar er engin öryggisgæsla og brýnt að bæta úr því, enda sker embættið sig úr að þessu leyti þegar kemur að öryggi ædstu stjórnar ríkisins. Talið er heppilegast að lögreglan annist gæsluna þar sem um er að ræða aðsetur og heimili forseta auk þess sem menningarverðmæti eru á staðnum og töluverður átroðningur ferðamanna.

06-317 Lögreglustjórinn á Austurlandi	-51,0
1.01 Lögreglustjórinn á Austurlandi	
<i>Millifært</i>	
<i>Samþykkt af ríkisstjórn</i>	
<i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að 51 m.kr. fjárheimild verði millifærð frá embætti lögreglustjórans á Austurlandi þar sem gert er ráð fyrir að löggæsla á Höfn í Hornafirði verði færð til embættis lögreglustjórans á Suðurlandi.
06-318 Lögreglustjórinn á Suðurlandi	51,0
1.01 Lögreglustjórinn á Suðurlandi	
<i>Millifært</i>	
<i>Samþykkt af ríkisstjórn</i>	
<i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að 51 m.kr. fjárheimild verði millifærð frá embætti lögreglustjórans á Austurlandi til embættis lögreglustjórans á Suðurlandi þar sem gert er ráð fyrir að löggæsla á Höfn í Hornafirði verði færð þangað.
06-318 Lögreglustjórinn á Suðurlandi	4,4
1.01 Lögreglustjórinn á Suðurlandi	
<i>Millifært</i>	
<i>Samþykkt af ríkisstjórn</i>	
<i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að millifærðar verði 4,4 m.kr. til lögreglustjórans á Suðurlandi frá embætti sýslumanns Vestfjarða en í frumvarpinu láðist að gera ráð fyrir millifærslu fjárheimildar vegna stöðugildis hjá embættinu.
06-390 Ýmis löggæslu- og öryggismál	25,0
1.10 Ýmis löggæslukostnaður	
<i>Ákvarðanir ríkisstjórnar</i>	
<i>Samþykkt af ríkisstjórn</i>	
<i>Ríkisstjórn</i>	Lögð er til 25 m.kr. tímabundin fjárheimild til áframhaldandi undirbúnings alþjóðlegrar björgunarmiðstöðvar á Íslandi. Undirbúningsvinna er vel á veg komin og hafa verið haldnir nokkrir fundir með hagsmunaaðilum innan lands. Hugmyndir um þróun björgunarmiðstöðvarinnar hafa einnig verið ræddar við helstu samstarfsþjóðir á sviði björgunar- og öryggismála og hafa þær fengið talsverðan hljómgrunn. Fram undan er alþjóðlegur fundur í Keflavík í febrúar eða mars á næsta ári til að kynna niðurstöður stýrihóps vegna málsins fyrir helstu erlendu hagsmunaaðilunum og leita eftir sjónarmiðum þeirra vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar miðstöðvarinnar. Í framhaldi af því verða niðurstöðurnar teknar saman og metnar og munu þær ásamt stöðuskýrslu marka lok undirbúningsvinnunnar.
06-395 Landhelgisgæsla Íslands	200,0
1.90 Landhelgisgæsla Íslands	
<i>Ákvarðanir ríkisstjórnar</i>	
<i>Samþykkt af ríkisstjórn</i>	
<i>Ríkisstjórn</i>	Lögð er til 200 m.kr. hækkun á framlagi til að styrkja rekstur Landhelgisgæslu Íslands og tryggja lágmarks leitar- og björgunarþjónustu.
06-442 Sýslumaður Vesturlands	-1,7
1.01 Sýslumaður Vesturlands	
<i>Millifært</i>	
<i>Samþykkt af ríkisstjórn</i>	
<i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að millifærðar verði 1,7 m.kr. frá embætti sýslumanns Vesturlands til embættis sýslumanns Vestmannaeyja en í frumvarpinu láðist að gera ráð fyrir millifærslu fjárheimildar vegna stöðugildis hjá embættinu.
06-442 Sýslumaður Vesturlands	-5,8
1.01 Sýslumaður Vesturlands	
<i>Millifært</i>	
<i>Samþykkt af ríkisstjórn</i>	
<i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að millifærðar verði 5,8 m.kr. frá embætti sýslumanns Vesturlands til embættis sýslumanns Suðurlands en í frumvarpinu láðist að gera ráð fyrir millifærslu fjárheimildar vegna tveggja starfsmanna hjá embættinu.
06-443 Sýslumaður Vestfjarða	-3,2
1.01 Sýslumaður Vestfjarða	
<i>Millifært</i>	
<i>Samþykkt af ríkisstjórn</i>	
<i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að millifærðar verði 3,2 m.kr. frá embætti sýslumanns Vestfjarða til embættis sýslumanns Suðurlands en í frumvarpinu láðist að gera ráð fyrir millifærslu fjárheimildar vegna tveggja starfsmanna hjá embættinu.

06-443 Sýslumaður Vestfjarða	-4,4
1.01 Sýslumaður Vestfjarða <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að millifærðar verði 4,4 m.kr. til lögreglustjórans á Suðurlandi frá embætti sýslumanns Vestfjarða en í frumvarpinu láðist að gera ráð fyrir millifærslu fjárheimildar vegna stöðugildis hjá embættinu.
06-444 Sýslumaður Norðurlands vestra	4,2
1.01 Sýslumaður Norðurlands vestra <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að millifærðar verði 4,2 m.kr. frá embætti sýslumanns Norðurlands eystra til embættis sýslumanns Norðurlands vestra en í frumvarpinu láðist að gera ráð fyrir millifærslu fjárheimildar vegna stöðugildis hjá embættinu.
06-444 Sýslumaður Norðurlands vestra	-48,4
1.01 Sýslumaður Norðurlands vestra <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að 48,4 m.kr. fjárheimild verði millifærð frá embætti sýslumanns Norðurlands vestra til embættis sýslumanns Norðurlands eystra en embætti sýslumannsins á Siglufirði fellur undir það síðarnefnda.
06-445 Sýslumaður Norðurlands eystra	-4,2
1.01 Sýslumaður Norðurlands eystra <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að millifærðar verði 4,2 m.kr. frá embætti sýslumanns Norðurlands eystra til embættis sýslumanns Norðurlands vestra en í frumvarpinu láðist að gera ráð fyrir millifærslu fjárheimildar vegna stöðugildis hjá embættinu.
06-445 Sýslumaður Norðurlands eystra	48,4
1.01 Sýslumaður Norðurlands eystra <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að 48,4 m.kr. fjárheimild verði millifærð frá embætti sýslumanns Norðurlands vestra til embættis sýslumanns Norðurlands eystra en embætti sýslumannsins á Siglufirði fellur undir það síðarnefnda.
06-445 Sýslumaður Norðurlands eystra	-1,1
1.01 Sýslumaður Norðurlands eystra <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að millifærð verði 1,1 m.kr. frá embættis sýslumanns Norðurlands eystra til embættis sýslumanns Vestmannaeyja en í frumvarpinu láðist að gera ráð fyrir millifærslu fjárheimildar vegna stöðugildis hjá embættinu.
06-447 Sýslumaður Suðurlands	3,2
1.01 Sýslumaður Suðurlands <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að millifærðar verði 3,2 m.kr. frá embætti sýslumanns Vestfjarða til embættis sýslumanns Suðurlands en í frumvarpinu láðist að gera ráð fyrir millifærslu fjárheimildar vegna tveggja starfsmanna hjá embættinu.
06-447 Sýslumaður Suðurlands	5,8
1.01 Sýslumaður Suðurlands <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að millifærðar verði 5,8 m.kr. frá embætti sýslumanns Vesturlands til embættis sýslumanns Suðurlands en í frumvarpinu láðist að gera ráð fyrir millifærslu fjárheimildar vegna tveggja starfsmanna hjá embættinu.
06-449 Sýslumaður Vestmannaeyja	1,7
1.01 Sýslumaður Vestmannaeyja <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að millifærðar verði 1,7 m.kr. frá embætti sýslumanns Vesturlands til embættis sýslumanns Vestmannaeyja en í frumvarpinu láðist að gera ráð fyrir millifærslu fjárheimildar vegna stöðugildis hjá embættinu.

06-449 Sýslumaður Vestmannaeyja	1,1
1.01 Sýslumaður Vestmannaeyja <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að millifærð verði 1,1 m.kr. frá embættis sýslumanns Norðurlands eystra til embættis sýslumanns Vestmannaeyja en í frumvarpinu láðist að gera ráð fyrir millifærslu fjárheimildar vegna stöðugildis hjá embættinu.
06-501 Fangelsismálastofnun ríkisins	10,0
1.01 Fangelsismálastofnun ríkisins <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 10 m.kr. tímabundið framlag til endurnýjunar tækjabúnaðar innandyrna á Litla-Hrauni, einkum eftirlitsmyndavéla.
06-501 Fangelsismálastofnun ríkisins	5,0
1.01 Fangelsismálastofnun ríkisins <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 5 m.kr. framlag til að styrkja rekstrargrunn fangelsisins á Litla-Hrauni og bæta m.a. mönnun.
06-501 Fangelsismálastofnun ríkisins	5,0
5.01 Viðhald fangelsisbygginga <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 5 m.kr. tímabundið framlag til þess að hægt sé að ljúka við að setja þak á útigarð við fangelsið á Sogni. Með því verður til aðstaða fyrir líkamsrækt sem ekki er til staðar nú. Einnig skapast pláss fyrir vinnuástöðu. Um er að ræða lok framkvæmda sem veitt var 15 m.kr. framlag til á fjárlögum fyrir árið 2012. Með þessu framlagi lýkur uppbyggingu á Sogni.
06-651 Vegagerðin	250,0
1.07 Þjónusta <i>Ákvarðanir ríkisstjórnar</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lögð er til 250 m.kr. hækkun á framlagi til vetrarþjónustu Vegagerðarinnar en árlegur kostnaður við hana hefur verið umfram fjárheimildir undanfarin ár. Kostnaður við vetrarþjónustu Vegagerðarinnar nam 1.817 m.kr. árið 2009, 1.604 m.kr. árið 2010, 2.172 m.kr. árið 2011, 2.373 m.kr. árið 2012 og 2.595 m.kr. árið 2013 og er kostnaðurinn áætlaður 2.550 m.kr. á yfirstandandi ári. Í annarri tillögu er gert ráð fyrir 570 m.kr. framlagi vegna framkvæmda Vegagerðarinnar. Þessi útgjöld eru fjármöggnuð af mörkuðum tekjustofnum Vegagerðarinnar, þ.e. með sérstöku vörugjaldi af blýlausu bensíni, olfugjaldi, þungaskatti og leyfis- og eftirlitsgjöldum. Í fjárlagafrumvarpinu var gert ráð fyrir að tekjurnar stæðu að fullu undir þessum útgjöldum og gott betur því gert var ráð fyrir að tæpum 871 m.kr. af tekjunum yrði haldið eftir í ríkissjóði. Samkvæmt endurskoðaðri tekjuáætlun gjaldanna er gert ráð fyrir að tekjurnar lækki um 540 m.kr. frá forsendum fjárlagafrumvarpsins. Verði bæði þessi tillaga um 250 m.kr. framlag til vetrarþjónustu og tillaga um 570 m.kr. framlag til framkvæmda, samtals 820 m.kr., samþykktar munu markaðar tekjur stofnunarinnar því ekki standa undir þeim útgjöldum sem gert er ráð fyrir á árinu 2015. Til að fjármagna þessi auknu útgjöld þarf því að heimila stofnuninni fyrirframráðstöfun á mörkuðum tekjum sínum í framtíðinni eða sem nemur um 489 m.kr.

06-651 Vegagerðin**70,0**

1.21 Rannsóknir
 Ákvarðanir ríkisstjórnar
 Samþykkt af ríkisstjórn
 Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 70 m.kr. tímabundið framlag til að klára rannsóknir á samgöngukostum um Fjarðarheiði. Í fjárlögum fyrir árið 2014 var veitt 30 m.kr. framlag til þessara rannsókna og gert var ráð fyrir sama framlagi í frumvarpinu nú. Með hækkuninni sem hér er lögð til verður heildarframlag til rannsóknanna orðið 130 m.kr. á næsta ári.

06-651 Vegagerðin**850,0**

5.10 Viðhald
 Millifært
 Samþykkt af ríkisstjórn
 Ríkisstjórn

Lagt er til að 850 m.kr. framlag sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu til aukinna nýframkvæmda hjá Vegagerðinni verði millifært til viðhalds vegakerfisins á fjárlagaliðinn 06-651-5.10. Framlagið var með fyrirvara um að í ljósi ástands vegakerfisins kæmi hugsanlega til álita að verja þessum fjármunum frekar til viðhalds. Nú hefur málið verið til skoðunar í ráðuneytinu og lýtur tillaga þessi að því að forgangsraða þessum fjármunum til viðhalds vegakerfisins eins og að framan greinir. Komið er að ákveðnum þolmörkum vegakerfisins hvað varðar viðhald og er forgangsverkefni að varðveita þau verðmæti sem þar liggja.

06-651 Vegagerðin**570,0**

6.10 Framkvæmdir
 Ákvörðun Alþingis
 Samþykkt á Alþingi
 Ríkisstjórn

Lögð er til 570 m.kr. hækkun á framlagi til framkvæmda Vegagerðarinnar. Lögð er áhersla á að horft verði til framkvæmda við safn- og tengivegi auk nýframkvæmda á dreifbýlum svæðum. Í annari tillögu er gert ráð fyrir 250 m.kr. framlagi vegna vetrarþjónustu Vegagerðarinnar. Þessi útgjöld eru fjármögðuð af mörkuðum tekjustofnum Vegagerðarinnar, þ.e. með sérstöku vörugjaldi af blýlausu bensíni, olúgjaldi, þungaskatti og leyfis- og eftirlitsgjöldum. Í fjárlagafrumvarpinu var gert ráð fyrir að tekjurnar stæðu að fullu undir þessum útgjöldum og gott betur því gert var ráð fyrir að tæpum 871 m.kr. af tekjunum yrði haldið eftir í ríkissjóði. Samkvæmt endurskoðaðri tekjuáætlun gjaldanna er gert ráð fyrir að tekjurnar lækki um 540 m.kr. frá forsendum fjárlagafrumvarpsins. Verði þessar tillögur samþykktar til viðbótar, um alls 650 m.kr., munu markaðar tekjur stofnunarinnar því ekki standa undir þeim útgjöldum sem gert er ráð fyrir að verði á árinu 2015. Til að fjármagna þessi auknu útgjöld þarf því að heimila stofnuninni fyrirframráðstöfun á mörkuðum tekjum sínum í framtíðinni eða sem nemur um 489 m.kr.

06-651 Vegagerðin**-850,0**

6.10 Framkvæmdir
 Millifært
 Samþykkt af ríkisstjórn
 Ríkisstjórn

Lagt er til að 850 m.kr. framlag sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu til aukinna nýframkvæmda hjá Vegagerðinni verði millifært til viðhalds vegakerfisins á fjárlagaliðinn 06-651-5.10. Framlagið var með fyrirvara um að í ljósi ástands vegakerfisins kæmi hugsanlega til álita að verja þessum fjármunum frekar til viðhalds. Nú hefur málið verið til skoðunar í ráðuneytinu og lýtur tillaga þessi að því að forgangsraða þessum fjármunum til viðhalds vegakerfisins eins og að framan greinir. Komið er að ákveðnum þolmörkum vegakerfisins hvað varðar viðhald og er forgangsverkefni að varðveita þau verðmæti sem þar liggja.

06-662 Hafnarframkvæmdir	40,0
6.70 Hafnabótasjóður Ákvörðun Alþingis Samþykkt á Alþingi Alþingi	Gerð er tillaga um 40 m.kr. tímabundið framlag til þess að hefja megi rannsóknir til að undirbúa endurbætur á höfninni í Þorlákshöfn.
06-672 Flugvellir og flugleiðsögubjónusta	500,0
1.01 Flugvellir og flugleiðsögubjónusta Ákvörðun Alþingis Samþykkt á Alþingi Alþingi	Gerð er tillaga um 500 m.kr. tímabundið framlag til að koma til móts við uppsafnaða þörf fyrir uppbyggingu á flugvöllum á landsbyggðinni. Isavia hefur unnið tillögu að forgangsroðun verkefna og gert er ráð fyrir að unnið verði eftir henni. Fyrirhugað er að endurnýja flugleiðsögubúnað í Vestmannaeyjum, á Ísafirði og á Gjögri og að rafbúnaður og rafkerfi verði endurnýjað á Gjögri og í Vopnafirði og Hornafirði. Auk þess eru áætlaðar framkvæmdir vegna yfirborðsviðhalds á bundnu slitlagi flugbrautar á Þingeyri og Akureyri. Samhliða þessari tillögu um gjaldaheimild er gerð breytingartillaga við tekjuhlíð frumvarpsins um að Isavia greiði 700 m.kr. arð í ríkissjóð.
06-689 Fjarskiptasjóður	300,0
6.41 Fjarskiptasjóður Ákvörðun Alþingis Samþykkt á Alþingi Alþingi	Gerð er tillaga um 300 m.kr. tímabundið framlag til fyrsta áfanga framkvæmda við fyrirhugaða fjarskiptaáætlun. Í áætluninni munu koma fram töluleg markmið næstu ára um ljósleiðaravæðingu og uppbyggingu annarra fjarskipta á komandi árum. Gert er ráð fyrir að áætlunin verði lögð fyrir Alþingi á næstu mánuðum en í drögum er m.a. gert ráð fyrir vinnu við skipulagningu, áætlunargerð og kortlagningu stjórnvalda með innviðagagnagrunni sem talið er að kosti um 40 m.kr. á næsta ári. Þá er gert ráð fyrir verkefnum við að tengja ótengda staði og/eða hringtengingar landsvæða og miðað við að um 200 m.kr. verði varið til þeirra. Að auki er stefnt að öðrum verkefnum í framhaldinu, svo sem hringtengingu landsvæða með meira en 5.000 íbúa og eflingu stofnnets og uppbyggingu ljósleiðaranets þar sem m.a. er horft til eflingar brothættra byggða.
06-705 Kirkjumálasjóður	4,7
1.10 Kirkjumálasjóður Ákvörðun Alþingis Samþykkt á Alþingi Alþingi	Gerð er tillaga um 4,7 m.kr. tímabundna hækkun framlags í Kirkjumálasjóð. Samtals hækka sóknargjöld um 50 m.kr. sem skiptast á nokkra liði.
06-705 Kirkjumálasjóður	6,7
1.10 Kirkjumálasjóður Breyttar forsendur Samþykkt af ríkisstjórn Ríkisstjórn	Lögð er til 6,7 m.kr. hækkun á framlagi. Í fjárlagafrumvarpinu kom fram lítils háttar skekkja á innbyrðis skiptingu sóknargjalda á fjárlagaliði og er tillögu þessari ætlað að leiðrétta það til samræmis við útreikning gjaldsins.
06-735 Sóknargjöld	33,4
1.10 Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar Ákvörðun Alþingis Samþykkt á Alþingi Alþingi	Gerð er tillaga um 33,4 m.kr. tímabundna hækkun á sóknargjöldum til þjóðkirkjunnar. Komið er til móts við athugasemdir þjóðkirkjunnar með þessu framlagi sem í heildina nemur 50 m.kr. og skiptist á nokkra fjárlagaliði.

06-735 Sóknargjöld	-29,3
1.10 Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar <i>Breyttar forsendur</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lögð er til 29,3 m.kr. lækkun á framlagi. Í fjárlagafrumvarpinu kom fram lítils háttar skekkja á innbyrðis skiptingu sóknargjalda á fjárlagaliði og er tillögu þessari ætlað að leiðrétta það til samræmis við útreikning gjaldsins.
06-735 Sóknargjöld	5,7
1.20 Sóknargjöld til annarra trúfélaga <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 5,7 m.kr. tímabundna hækkun á liðnum.
06-735 Sóknargjöld	12,0
1.20 Sóknargjöld til annarra trúfélaga <i>Breyttar forsendur</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lögð er til 12 m.kr. hækkun á framlagi. Í fjárlagafrumvarpinu kom fram lítils háttar skekkja á innbyrðis skiptingu sóknargjalda á fjárlagaliði og er tillögu þessari ætlað að leiðrétta það til samræmis við útreikning gjaldsins.
06-736 Jöfnunarsjóður sókna	6,2
1.10 Jöfnunarsjóður sókna <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 6,2 m.kr. tímabundna hækkun á framlagi til Jöfnunarsjóðs sókna í sambandi við heildarhækkun sóknargjalda.
06-736 Jöfnunarsjóður sókna	8,6
1.10 Jöfnunarsjóður sókna <i>Breyttar forsendur</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lögð er til 8,6 m.kr. hækkun á framlagi. Í fjárlagafrumvarpinu kom fram lítils háttar skekkja á innbyrðis skiptingu sóknargjalda á fjárlagaliði og er tillögu þessari ætlað að leiðrétta það til samræmis við útreikning gjaldsins.
06-841 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	400,0
1.11 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sérstök viðbótarframlög <i>Ákvarðanir ríkisstjórnar</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að veitt verði 400 m.kr. framlag vegna aukinna húsaleigubóta. Unnið hefur verið að uppbyggingu á nýju húsnæðisbótakerfi sem ætlað er að leysa af hólmi núverandi vaxta- og húsaleigubótakerfi. Með hinu nýja kerfi er stefnt að því að jafna stöðu leigjenda við stöðu eigenda íbúðarhúsnæðis sem fá greiddar vaxtabætur þannig að stuðningur hins opinbera taki mið af fjölskyldustærð í stað búsetuforms. Þetta framlag er áfangi í því að sameina framangreind styrktarkerfi með því að auka stuðning við leigjendur.
Samtals innanríkisráðuneyti 2.468,0	
08-201 Tryggingastofnun ríkisins	-62,5
1.01 Tryggingastofnun ríkisins <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lögð er til 62,5 m.kr. millifærsla af fjárheimild Tryggingastofnunar ríkisins yfir á Sjúkratryggingar Íslands. Millifærslan er liður í uppskiptingu stofnananna.
08-201 Tryggingastofnun ríkisins	-30,0
1.01 Tryggingastofnun ríkisins <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lögð er til 30 m.kr. millifærsla af fjárheimildum Tryggingastofnunar ríkisins yfir á Sjúkratryggingar Íslands svo að hægt sé að ljúka uppskiptingu stofnananna. Annars staðar er lögð til frekari fjárveiting sem er nauðsynleg til að unnt sé að ljúka verkinu.

08-201 Tryggingastofnun ríkisins	30,0
1.01 Tryggingastofnun ríkisins <i>Ákvarðanir ríkisstjórnar</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Gerð er tillaga um 30 m.kr. viðbótarheimild til Tryggingastofnunar ríkisins til að hægt sé að ljúka uppskiptingu stofnananna. Í annarri tillögu er lögð til millifærsla sömu upphæðar yfir á Sjúkratryggingar Íslands. Samkvæmt greiningu ráðgjafa InDevelop sem unnin var á vegum velferðarráðuneytisins í samvinnu við báðar stofnanirnar liggur fyrir að rúmar 30 m.kr. vanti inn í fjárheimildir stofnananna samanlagt til að sinna verkefnum Sjúkratrygginga.
08-202 Sjúkratryggingar Íslands	30,0
1.01 Sjúkratryggingar Íslands <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 30 m.kr. tímabundið framlag til Sjúkratrygginga Íslands sem er liður í uppskiptingu verkefna við Tryggingastofnun ríkisins.
08-202 Sjúkratryggingar Íslands	62,5
1.01 Sjúkratryggingar Íslands <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lögð er til 62,5 m.kr. millifærsla af fjárheimild Tryggingastofnunar ríkisins yfir á Sjúkratryggingar Íslands. Millifærslan er liður í uppskiptingu stofnananna.
08-202 Sjúkratryggingar Íslands	30,0
1.01 Sjúkratryggingar Íslands <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lögð er til 30 m.kr. millifærsla af fjárheimildum Tryggingastofnunar ríkisins yfir á Sjúkratryggingar Íslands svo að hægt sé að ljúka uppskiptingu stofnananna. Annars staðar er lögð til frekari fjárveiting sem er nauðsynleg til að unnt sé að ljúka verkinu.
08-203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	-300,0
1.52 Sérstök uppbót lífeyrisþega <i>Hagrænt eða kerfislægt</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að fjárheimildin lækki um 300 m.kr. frá því sem áætlað var í frumvarpinu. Tillagan byggist á endurmati á áætluðum útgjöldum ársins 2014 miðað við fyrstu níu mánuði ársins sem hefur áhrif til lækkunar á árinu 2015.
08-204 Lífeyrstryggingar	700,0
1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega <i>Hagrænt eða kerfislægt</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að fjárheimildin hækki um 700 m.kr. frá því sem áætlað var í frumvarpinu. Tillagan byggist á endurmati á áætluðum útgjöldum ársins 2014 miðað við fyrstu níu mánuði ársins sem hefur áhrif til hækkunar á árinu 2015.
08-204 Lífeyrstryggingar	0,0
1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega <i>Fjármagnað með ríkistekjum</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Í endurskoðaðri áætlun um tekjur af tryggingagjaldi er gert ráð fyrir að hlutdeild lífeyrstrygginga í tekjum af gjaldinu verði 202 m.kr. meiri en reiknað var með í frumvarpinu. Beint framlag úr ríkissjóði til fjármögnunar lífeyrstrygginga lækkar jafnmikið.
08-204 Lífeyrstryggingar	80,0
1.35 Barnalífeyrir <i>Hagrænt eða kerfislægt</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að fjárheimildin hækki um 80 m.kr. frá því sem áætlað var í frumvarpinu. Tillagan byggist á endurmati á áætluðum útgjöldum ársins 2014 miðað við fyrstu níu mánuði ársins sem hefur áhrif til hækkunar á árinu 2015.

08-204 Lífeyrstryggingar**120,0**

1.91 Annað

*Hagrænt eða kerfislægt**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lagt er til að fjárheimildin hækki um 120 m.kr. frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Tillagan byggist á endurskoðaðri spá um útgjöld bótaflokksins árið 2014. Á þennan lið eru m.a. bókaðir vinnusamningar öryrkja en fyrirkomulag þeirra hefur verið með þeim hætti að Tryggingastofnun ríkisins hefur samið við atvinnurekendur á almennum vinnumarkaði um að ráða starfsfólk sem nýtur örorkulífeyris, örorkustyrks eða endurhæfingarlífeyris gegn endurgreiðslu á hluta af launum og launatengdum gjöldum viðkomandi. Endurgreiðsluhlutfallið getur hæst verið 75% og lægst 25% en endurgreiðslan lækkar um tíu prósentustig með tólf mánaða millibili þar til lágmarksendurgreiðsluhlutfalli er náð. Samningarnir miðast við að einstaklingur hafi vinnugetu sem ekki hafi nýst á almennum vinnumarkaði og að viðkomandi hafi ekki aðrar verulegar tekjur en bætur almannatrygginga. Á undanföllum árum hefur einstaklingum með vinnusamninga fjölgað umtalsvert eða úr 358 árið 2010 í 656 árið 2013 og hafa útgjöldin aukist samhliða því úr um 340 m.kr. í um 530 m.kr. Í frumvarpi til fjárukalaga fyrir árið 2014 er gert ráð fyrir samsvarandi hækkun.

08-206 Sjúkratryggingar**230,0**

1.11 Lækniskostnaður

*Hagrænt eða kerfislægt**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lögð er til 230 m.kr. viðbótarheimild til liðarins. Tillagan byggist á endurmetinni spá um útgjöld ársins 2014 og er vöntun vegna þess um 122 m.kr. þegar frá eru talin áætluð umframútgjöld vegna samnings við sérfræðilækna. Magnaukning umfram forsendur fjárlaga er áætluð 3,3% í stað 1% sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu eða sem nemur 22 m.kr. Verðlagsbreytingar umfram forsendur frumvarps eru áætlaðar 86 m.kr. Samanlögð umframútgjöld liðarins nema því 230 m.kr. eða sem nemur 3,5% frávikum frá fjárlögum fyrir árið 2014.

08-206 Sjúkratryggingar**150,0**

1.15 Lyf

*Ákvarðanir ríkisstjórnar**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lagt er til að fjárheimild liðarins hækki um 150 m.kr. Tilfnið er að ríkisstjórnin hefur ákveðið að gera breytingar á fjárhæðaprepum í greiðsluþátttökukerfi almennra lyfja og draga þannig úr greiðsluþátttöku sjúklinga. Áætlað er að með þeim breytingum muni greiðsluhlutdeildin lækka um 5%.

08-206 Sjúkratryggingar**185,0**

1.15 Lyf

*Hagrænt eða kerfislægt**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lögð er til 185 m.kr. hækkun á fjárheimild liðarins. Tillagan byggist á endurmati vegna ársins 2014 en gert er ráð fyrir að kostnaður ársins 2014 verði um 8.458 m.kr. eða um 2,3% umfram fjárlög fyrir árið 2014. Umframútgjöldin skýrast annars vegar af því að aðhaldsráðstafanir á árinu 2014 hafa ekki gengið eftir en um er að ræða aðgerðir sem ætlað var að draga úr notkun lyfja sem valda ávana og fíkn auk þess að halda áfram sparnaðaraðgerðum sem hófust árið 2009 og byggjast m.a. á skilyrtri greiðsluþátttöku í ákveðnum lyfjaflokkum. Hins vegar vegur á móti að áætlaður raunvöxtur milli árána 2013 og 2014 var neikvæður um tæpt 1% en ekki óbreyttur eins og forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir.

08-206 Sjúkratryggingar**-106,0**

1.15 Lyf

*Lögbundið**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lögð er til 106 m.kr. lækkun á fjárheimild liðarins vegna fyrirhugaðra breytinga á lögum um virðisaukaskatt. Breytingarnar fela m.a. í sér að efra þrep virðisaukaskattsins verður lækkað úr 25,5% í 24% en í því þrepi eru m.a. lyf. Tillagan er háð því að frumvarp um breytingar á virðisaukaskatti o.fl. verði að lögum.

08-206 Sjúkratryggingar**-90,0**

1.16 Lyf með S-merkingu

*Lögbundið**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lögð er til 90 m.kr. lækkun á fjárheimild liðarins vegna fyrirhugaðra breytinga á lögum um virðisaukaskatt. Breytingarnar fela m.a. í sér að efra þrep virðisaukaskattsins verður lækkað úr 25,5% í 24% en í því þrepi eru m.a. lyf. Tillagan er háð því að frumvarp um breytingar á virðisaukaskatti o.fl. verði að lögum.

08-206 Sjúkratryggingar**200,0**

1.21 Hjálpartæki

*Hagrænt eða kerfislegt**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lögð er til 200 m.kr. viðbótarheimild til liðarins. Tillagan byggist á endurmati vegna ársins 2014 en þar er gert ráð fyrir að kostnaður verði 3.559 m.kr. eða um 7,5% umfram fjárlög fyrir árið 2014. Sértekar aðhaldsaðgerðir á þessum lið hafa ekki að öllu leyti komið strax til framkvæmda. Gert var ráð fyrir að virðisaukaskattur á bleium yrði lækkaður en það gekk ekki eftir. Ákvæði um greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga Íslands á öryggishöppum var breytt og tók það gildi með nýrri reglugerð 1. janúar 2014 en lækkaði ekki útgjöld stofnunarinnar fyrr en frá og með apríl vegna ákvæða í samningum við öryggisfyrirtæki.

08-206 Sjúkratryggingar**385,0**

1.35 Tannlækningar

*Hagrænt eða kerfislegt**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lögð er til 385 m.kr. viðbót við heimild liðarins. Tillagan byggist á endurmati á áætluðum útgjöldum ársins 2014. Í fyrsta lagi hefur kostnaður við samning um tannlækningar barna reynst vera um 100 m.kr. meiri en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir. Í öðru lagi er áætlað að útgjöld lífeyrisþega verði 105 m.kr. hærrí en reiknað hafði verið með. Í þriðja lagi er áætlað að einkisþis áhrif vegna flýtingar á greiðslu tannréttingarstyrkja og rafvæðingar á endurgreiðslum leiði til um 90 m.kr. útgjaldaaukningar á árinu 2015. Í fjórða lagi var liðurinn ekki verðbættur milli áráanna 2013 og 2014 sem orsakar um 80 m.kr. vöntun inn í grunninn. Loks nema aðrar breytingar 10 m.kr. Samanlögð umframútgjöld liðarins nema því 385 m.kr. sem er 19% frávik frá fjárlögum fyrir árið 2014.

08-206 Sjúkratryggingar**40,0**

1.45 Brýn meðferð erlendis

*Hagrænt eða kerfislegt**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lögð er til 40 m.kr. viðbótarfjárheimild til liðarins. Tillagan byggist á endurmati á útkomu ársins 2014. Gert er ráð fyrir að kostnaður verði 1.828 m.kr. eða rúm 2% umfram fjárlög fyrir árið 2014 en ekki var gert ráð fyrir þeim útgjöldum í frumvarpinu.

08-206 Sjúkratryggingar**200,0**

1.51 Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis

*Hagrænt eða kerfislægt**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lögð er til 200 m.kr. viðbótarheimild til liðarins samkvæmt endurmati vegna ársins 2014. Mikil aukning hefur orðið á fjölda krafna á þessum lið og geta einstök mál, sérstaklega sjúkrakostnaður í Bandaríkjunum, haft mikil áhrif á kostnað. Ástæðu aukningar má rekja til mikillar fjölgunar ferðalaga hjá sjúkratryggðum einstaklingum, fleiri námsmenn eru við nám erlendis og ellilífeyrisþegum sem dvelja allt að sex mánuði erlendis hefur fjölgað. Þannig voru útgjöld ársins 2013 um 190 m.kr. umfram fjárlög og þá stefnir í að umframútgjöld liðarins á árinu 2014 verði 200 m.kr. eða 90% frávik frá fjárlögum fyrir árið 2014.

08-206 Sjúkratryggingar**41,0**

1.91 Annað

*Hagrænt eða kerfislægt**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lagt er til að fjárheimild liðarins hækki um 41 m.kr. vegna umframútgjalda á árinu 2014 sem nema 23% fráviki frá fjárlögum fyrir árið 2014. Á þennan lið er einnig bókfærður kostnaður vegna ljósmæðraþjónustu en þrátt fyrir að fæðingum hafi fækkað á undanförunum árum fjölgar þeim konum sem fara fyrr heim eftir fæðingu. Á árinu 2013 voru útgjöld liðarins 255 m.kr. eða 80 m.kr. hærri en fjárlög.

08-332 Ríkissáttasemjari**12,4**

1.01 Ríkissáttasemjari

*Breyttar forsendur**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 12,4 m.kr. tímabunda hækkun á fjárheimild embættis ríkissáttasemjara. Tilefnið er kostnaður vegna starfa aðstoðarsáttasemjara. Útgjöld embættisins geta verið breytileg frá ári til árs eftir því hvernig álag vegna kjarasamninga fellur til. Árið 2014 var óvenjuannasamt hjá ríkissáttasemjara. Allt frá hausti 2013 stóðu yfir kjaraviðræður, fyrst á almenna markaðnum og í kjölfarið hinum opinbera. Fyrirsjáanlegt er að áfram verður vinnuálag hjá sáttasemjara á komandi ári, enda eru fram undan viðræður við nánast öll stéttarfélög um endurnýjun skammtímasaminga á grundvelli ákveðinna efnahagsmarkmiða. Í þeim viðræðum stefna heildarsamtök á vinnumarkaði að því að móta nýtt íslenskt kjarasamningalíkan að norrænni fyrirmynd. Aðstoðarsáttasemjari var ráðinn 1. desember 2013 og gert er ráð fyrir að ráðningartíma hans ljúki 1. júlí 2015. Í frumvarpinu hefur þegar verið gert ráð fyrir hluta af þessum aukna rekstrarkostnaði árána 2014 og 2015 en þessu framlagi er ætlað að standa undir frekari kostnaði í samræmi við endurskoðaðar áætlanir.

08-358 Sjúkrahúsið á Akureyri**50,0**

1.01 Sjúkrahúsið á Akureyri

*Ákvarðanir ríkisstjórnar**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lögð er til 50 m.kr. fjárveiting til að styrkja rekstrargrunn Sjúkrahússins á Akureyri. Þessi fjárveiting kemur til viðbótar 15 m.kr. hækkun á framlagi samkvæmt frumvarpinu þannig að samtals verða veittar 65 m.kr. til styrkingar á rekstri spítalans árið 2015.

08-373 Landspítali**1.000,0**

1.01 Landspítali

Ákvarðanir ríkisstjórnar
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 1.000 m.kr. viðbótarfjárveitingu til Landspítalans til að styrkja rekstrargrundvöll hans og kemur tillagan til viðbótar við 120 m.kr. framlag samkvæmt frumvarpinu til styrkingar á rekstrargrunni spítalans. Viðbótarframlagið nemur þannig 1.120 m.kr. Í kjölfar bankahrunsins haustið 2008 var gripið til víðtækra aðgerða bæði á tekju- og gjaldahlíð ríkissjóðs með það að markmiði að ná jöfnuði í ríkisfjármálum og hefur rekstur spítalans verið í járnum á undanförunum árum. Heilbrigðismálin hafa ekki verið undanskilin aðhaldskröfum þótt þær hafi verið talsvert minni en til annarra málaflokka. Árin 2011 og 2012 var gerð óveruleg aðhaldskrafa á Landspítalann eða sem nam um 1% hvort ár. Engar aðhaldskröfur voru gerðar til spítalans í fjárlögum árinna 2013 og 2014 og ekki er heldur gert ráð fyrir sérstakri aðhaldskröfu til starfseminnar í frumvarpinu líft og á við um margar aðrar ríkisstofnanir. Á hinn bóginn fékk spítalinn umtalsverð aukin framlög í fjárlögum fyrir árið 2014 eða sem nam 4,2 mia.kr., að frátöldum launa- og verðlagshækkunum en þær námu rúmlega 1,3 mia.kr. Þar af var 1 mia.kr. veittur í ný framlög vegna kaupa á tækjum og búnaði, 300 m.kr. til aukinna viðhaldsframkvæmda, 882 m.kr. framlag vegna jafnlaunaáttaks og 1,7 mia.kr. framlag til styrkingar á rekstrargrunni spítalans. Þessu til viðbótar var veitt 350 m.kr. rekstrarframlag til að opna Vífilsstaði aftur sem hjúkrunarheimili með það að markmiði að létta álagi af Landspítalanum. Loks skal þess getið að í annarri tillögu er gert ráð fyrir að veittar verði 875 m.kr. til hönnunar á meðferðarkjarna á lóð Landspítala við Hringbraut og til framkvæmda á 1. áfanga að nýju sjúkrahótel.

08-376 Bygging sjúkrahúss á lóð Landspítalans**875,0**

6.25 Bygging sjúkrahótels

Ákvarðanir ríkisstjórnar
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 875 m.kr. tímabundna fjárveitingu til hönnunar á meðferðarkjarna vegna nýrra bygginga á lóð Landspítalans við Hringbraut og til framkvæmda við byggingu á nýju sjúkrahótel. Þetta framlag kemur til viðbótar 70 m.kr. framlagi sem er til staðar í frumvarpinu til að ljúka hönnun á nýju sjúkrahótel.

Heildarkostnaður aðalbygginga og annarra meginframkvæmda að meðtöldum tækjakaupum en að frátöldum fjármagnskostnaði er áætlaður um 77 mia.kr. Þar af nemur heildarkostnaður vegna aðalbygginga um 43,1 mia.kr. og skiptist hann í um 59.000 fm meðferðarkjarna sem áætlað er að kosti 33,1 mia.kr., um 14.000 fm rannsóknarhús sem áætlað er að kosti 8,2 mia.kr. og 4.000 fm sjúkrahótel sem áætlað er að kosti 1,7 mia.kr. Þá er áætlað að aðrar framkvæmdir, þ.m.t. gatna- og lóðaframkvæmdir og tæknihús, kosti samtals um 8,6 mia.kr. og er þá meðtalið um 17.000 fm bílastæðahús sem áætlað er að kosti 3,3 mia.kr. Gengið er út frá því að til frádráttar komi hlutur Reykjavíkurborgar í bílastæðum o.fl. sem nemi 942 m.kr. Þá er kostnaður við endurnýjun á eldra húsnæði sem fyrirhugað er að endurnýta um 13,5 mia.kr. og kostnaður við tækjakaup inn í nýja húsnæðið 12,6 mia.kr. Fjármagnskostnaður við verkefni af þessari stærðargráðu hefur lauslega verið áætlaður um 20 mia.kr. og að honum meðtöldum gæti heildarkostnaður við framkvæmdina verið 97 mia.kr.

Tillagan er miðuð við hönnun og byggingarframkvæmdir á árinu 2015 og er sundurliðuð, sbr. eftirfarandi. Tölur eru settar fram með virðisaukaskatti og eru á verðlagi í nóvember 2014.

Meðferðarkjarni: 500 m.kr.

Sjúkrahótel: 200 m.kr.

Gatna- og lóðaframkvæmdir: 120 m.kr.

Annar kostnaður: 55 m.kr.

08-398 Félagsmál, ýmis starfsemi	-72,8
1.91 Endurhæfing Millifært Samþykkt af ríkisstjórn Ríkisstjórn	Lagt er til að 72,8 m.kr. framlag sem veitt hefur verið til starfsemi Krýsuvíkurskóla, vist- og meðferðarheimilis, verði millifært af liðnum 08-399 Félagsmál, ýmis starfsemi á liðinn 08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. Fyrirhugað er að Sjúkratryggingar Íslands taki yfir samningsgerð við rekstraraðila.
08-398 Félagsmál, ýmis starfsemi	2,0
1.98 Ýmis framlög velferðarráðuneytis Ákvörðun Alþingis Samþykkt á Alþingi Alþingi	Gerð er tillaga um að líknarfélagið Höndin fái 2 m.kr. tímabundið framlag.
08-398 Félagsmál, ýmis starfsemi	15,0
1.98 Ýmis framlög velferðarráðuneytis Ákvörðun Alþingis Samþykkt á Alþingi Alþingi	Gerð er tillaga um 15 m.kr. tímabundið framlag til Samhjálpur til rekstrar Hlaðgerðarkots. Þar eru að jafnaði um 32 einstaklingar til meðferðar en greitt hefur verið fyrir 25 rými með framlagi á fjárlögum. Hér er tillaga um viðbótarframlag til að ekki þurfi að koma til frekari skerðingar á starfseminni.
08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	72,8
1.92 Endurhæfing Millifært Samþykkt af ríkisstjórn Ríkisstjórn	Lagt er til að 72,8 m.kr. framlag sem veitt hefur verið til starfsemi Krýsuvíkurskóla, vist- og meðferðarheimilis, verði millifært af liðnum 08-399 Félagsmál, ýmis starfsemi á liðinn 08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. Fyrirhugað er að Sjúkratryggingar Íslands taki yfir samningsgerð við rekstraraðila.
08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	30,0
1.98 Ýmis framlög velferðarráðuneytis Ákvarðanir ríkisstjórnar Samþykkt af ríkisstjórn Ríkisstjórn	Lögð er til 30 m.kr. fjárveiting til lýðheilsamála. Tílefnið er að í mars á þessu ári var sett á fót ráðherranefnd um lýðheilsumál, auk þess sem skipuð var ráðgefandi lýðheilsunefnd til að leggja fram tillögur að stefnu og aðgerðaáætlun til heilbrigðisráðherra á sviði lýðheilsu. Meginhlutverk lýðheilsunefndar er að vinna drög að heildstæðri stefnumótun og aðgerðaáætlun sem hefur það að markmiði að efla og bæta lýðheilsu á öllum aldurskeiðum með sérstakri áherslu á börn og ungmenni. Nefndin skal skila heilbrigðisráðherra tillögum sínum eigi síðar en í árslok 2015 en tillögunni er ætlað að mæta launakostnaði vegna vinnu við stefnumótunina og aðgerðaáætlunina.
08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	20,0
1.98 Ýmis framlög velferðarráðuneytis Ákvörðun Alþingis Samþykkt á Alþingi Alþingi	Gerð er tillaga um tímabundið 20 m.kr. framlag til að efla starfsemi Miðstöðvar foreldra og barna í Síðumúla í Reykjavík.

08-401 Öldrunarstofnanir, almennt	50,0
1.01 Hjúkrunarheimili, almennt <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 50 m.kr. tímabundið framlag til að styrkja rekstrargrunn minnstu öldrunarstofnananna. Miðað er við að velferðarráðuneytið útfæri daggjöld stofnana með þeim hætti að álag sem reiknað er á heimili með innan við 20 rými verði hækkað. Meiri hluti fjárlaganefndar telur það forgangsmál að Sjúkratryggingar Íslands ljúki hið fyrsta gerð samninga um rekstur smærri hjúkrunarheimila.
08-401 Öldrunarstofnanir, almennt	710,0
1.01 Hjúkrunarheimili, almennt <i>Breyttar forsendur</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Gerð er tillaga um 710 m.kr. hækkun á fjárheimild öldrunarstofnana. Tílefnið er einkum að styrkja daggjaldagrunninn, m.a. til að gera hjúkrunarheimilum, endurhæfingarstofnunum og sambærilegum aðilum kleift að gera hliðstæðar kjarabreytingar í tengslum við kjarasamninga og hjá stéttarfélögum ríkisrekkinna heilbrigðisstofnana í tengslum við stofnanasamninga á síðasta ári. Varðandi þann þátt er byggt á sambærilegum forsendum og giltu fyrir stéttarfélög innan heilbrigðisstofnana á grundvelli reiknilíkans sem jafnan er notað fyrir útreikning launa- og verðlagshækkana og daggjalda hjúkrunarheimila í fjárlögum. Hjúkrunarheimili glíma mörg hver við rekstrarerfiðleika og hefur ríkið þurft að greiða úr þeim með ýmsum hætti, m.a. með því að taka nýverið tímabundið yfir rekstur eins heimilis. Skipting á einstök viðfangsefni er sýnd í sérstöku yfirliti með breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar og munu breytingarnar koma fram í viðkomandi fjárveitingum í frumvarpinu eftir 2. umræðu.
08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt	20,0
1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt <i>Ákvarðanir ríkisstjórnar</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lögð er til 20 m.kr. fjárveiting til að styrkja rekstrargrunn heilsugæslustöðva.
08-501 Sjúkraflutningar	100,0
1.11 Sjúkraflutningar <i>Samningsbundið</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Gerð er tillaga um 100 m.kr. viðbótarfjárveitingu á lið sjúkraflutninga til að mæta kostnaði við nýjan samning við Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins. Samingurinn gildir frá og með 1. janúar 2015 til og með 31. desember 2020. Áætlaðar heildargreiðslur ríkisins vegna samningsins eru um 826 m.kr. árið 2015. Fyrri samningur við slökkviliðið rann út í árslok 2011 og voru samningar lausir þar til í ár. Greitt var eftir eldri samningi á þessu tímabili en ekki voru greiddar launa- og verðlagsbætur. Samningsupphæðin í þeim samningi var 475 m.kr. og hækkar því um 74% í nýjum samningi.
08-700 Heilbrigðisstofnanir	80,0
1.01 Almennur rekstur <i>Ákvarðanir ríkisstjórnar</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Gerð er tillaga um 80 m.kr. tímabundna viðbótarfjárveitingu til að styrkja rekstrargrunn heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni. Heilbrigðisstofnanir í þremur heilbrigðisumdæmum voru sameinaðar í eina stofnun 1. október sl., á Vestfjörðum, Suðurlandi og Norðurlandi. Rekstur heilbrigðisstofnana hefur verið erfiður undanfarin ár og hafa margar stofnanir verið reknar með halla. Tillagan miðast við að styrkja rekstrargrunn sameinaðra heilbrigðisstofnana með fjárveitingu upp í rekstrarhalla.

08-700 Heilbrigðisstofnanir	100,0
6.01 Tæki og búnaður <i>Ákvarðanir ríkisstjórnar Samþykkt af ríkisstjórn Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að veitt verði 100 m.kr. tímabundið framlag til kaupa á tækjum og búnaði hjá heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni.
08-809 Málefni fatlaðra	65,0
1.03 Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks <i>Ákvarðanir ríkisstjórnar Samþykkt af ríkisstjórn Ríkisstjórn</i>	Gerð er tillaga um 65 m.kr. tímabundið framlag í tvö ár til samstarfsverkefnis um notendastýrða persónulega aðstoð. Í samræmi við ákvæði til bráðabirgða IV í lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðs fólks, hefur frá árinu 2011 verið starfrækt sérstakt tilraunaverkefni um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA). Ákveðið hefur verið að framlengja samstarfsverkefnið um tvö ár eða þangað til endurskoðun fyrrgreindra laga og faglegt og fjárhagslegt mat verkefnisins hefur farið fram. Félagsvísindastofnun vinnur að því mati. Í upphafi fékkst 300 m.kr. fjárveiting til verkefnisins. Eftir standa um 70 m.kr. af fjárveitingunni sem áætlað er að verði til ráðstöfunar á árinu 2015. Miðað við óbreytta stuðningsþörf og kostnað við sömu samninga fyrir árið 2015 og þá sem gerðir hafa verið á árinu 2014 þarf um 135 m.kr. Með hliðsjón af þessu er gerð tillaga um 65 m.kr. viðbótarfjárheimild á nsæta ári.
08-841 Vinnumálastofnun	0,0
1.01 Vinnumálastofnun <i>Breyttar forsendur Samþykkt af ríkisstjórn Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að gjöld og sértekjur Vinnumálastofnunar hækki tímabundið um 5,7 m.kr. vegna umsýslukostnaðar sem fellur til vegna endurupptöku mála hjá Fæðingarorlofssjóði á árunum 2007-2013. Tillaga um gjaldaheimildina er hjá Fæðingarorlofssjóði, sbr. fjárlagalið 08-854-101, og vísast til rökstuðnings þar.
08-841 Vinnumálastofnun	0,0
1.01 Vinnumálastofnun <i>Ákvörðun Alþingis Samþykkt á Alþingi Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 20 m.kr. tímabundna hækkun bæði gjalda og sértekna hjá Vinnumálastofnun, sbr. skýringar við tillögu um 20 m.kr. framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Tillagan hefur ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs.
08-841 Vinnumálastofnun	0,0
1.01 Vinnumálastofnun <i>Breyttar forsendur Samþykkt af ríkisstjórn Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að fjárheimild og sértekjur Vinnumálastofnunar hækki tímabundið um 40 m.kr. árið 2015 til styrkingar á rekstrargrunni stofnunarinnar. Í forsendum fjárlaga fyrir árið 2014 voru framlög stofnunarinnar til umsjónar og umsýslu með vinnumarkaðs- og átaksverkefnum lækkuð úr því að vera 378 m.kr. í 250 m.kr. eða um 128 m.kr. Endanleg ákvörðun um fjárhæð þessarar lækkunar útgjalda lá ekki fyrir fyrr en í desember 2013 og hefur stofnunin af þeim sökum átt í nokkrum rekstrarerfiðleikum. Gert er ráð fyrir að þetta tímabundna framlag bæti rekstrargrundvöll stofnunarinnar á næsta ári.

08-851 Atvinnuleysistryggingasjóður**130,0**

1.11 Atvinnuleysisbætur
Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárheimild liðarins hækki um 130 m.kr. Tilfnið er að í forsendum frumvarpsins var áætlað að útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs mundu lækka um 1.130 m.kr. vegna styttingar þess tímabils sem atvinnuleysisbætur eru greiddar út, úr 36 mánuðum í 30 mánuði. Áætlunin byggðist á forsendum Vinnuálastofnunar um að atvinnuleysið yrði 3,8% á árinu. Nú gerir stofnunin ráð fyrir því að atvinnuleysið verði heldur minna eða 3,2-3,3% árið 2015 sem leiðir til þess að áætluð áhrif af styttingu bóatímabilsins verða 1.000 m.kr. í stað 1.130 m.kr. eða sem nemur 130 m.kr. lækkun.

08-851 Atvinnuleysistryggingasjóður**-1.520,0**

1.11 Atvinnuleysisbætur
Hagrænt eða kerfislegt
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárheimild liðarins lækki um 1.520 m.kr. vegna endurmats á útgjöldum Atvinnuleysistryggingasjóðs. Í frumvarpinu var miðað við að skráð atvinnuleysi yrði að jafnaði 3,8% á næsta ári, í samræmi við spá Vinnuálastofnunar síðastliðið vor. Stofnunin áætlar núna að skráð atvinnuleysi verði um 3,2-3,3% árið 2015. Útgjöld sjóðsins lækka af þeim sökum um 1.520 m.kr. Á móti vegur að áætluð útgjaldalækkun sem leiðir af styttingu bóatímabils um sex mánuði lækkar um 130 m.kr. Í stað útgjaldalækkunar um 1.130 m.kr. er því nú gert ráð fyrir að sú lækkun útgjalda verði um 1.000 m.kr. líkt og gerð er grein fyrir annars staðar.

08-851 Atvinnuleysistryggingasjóður**40,0**

1.15 Umsýslukostnaður Vinnuálastofnunar
Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að útgjöld liðarins hækki tímabundið um 40 m.kr. árið 2015. Tilfnið er styrking á rekstrargrunni Vinnuálastofnunar en stofnunin er m.a. fjármögnuð með greiðslum úr Atvinnuleysistryggingasjóði sem bókast sem sértekjur á lið Vinnuálastofnunar á móti útgjöldum sem falla til hjá stofnuninni. Í forsendum fjárlaga fyrir árið 2014 voru framlög Vinnuálastofnunar til umsjónar og umsýslu með vinnumarkaðs- og átaksverkefnum lækkuð úr 378 m.kr. í 250 m.kr. eða um 128 m.kr. Endanleg ákvörðun um fjárhæð þessarar lækkunar útgjalda lá ekki fyrir fyrir en í desember 2013 og hefur stofnunin af þeim sökum átt í nokkrum rekstrarerfiðleikum. Er gert ráð fyrir að þetta tímabundna framlag bæti rekstrargrundvöll stofnunarinnar á næsta ári.

08-851 Atvinnuleysistryggingasjóður**20,0**

1.15 Umsýslukostnaður Vinnuálastofnunar
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt af Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 20 m.kr. tímabundið framlag til að styrkja rekstur Vinnuálastofnunar á næsta ári þannig að ekki verði dregið jafnmikið úr umfangi hennar og verkefnum og áður var gert ráð fyrir. Sambærileg tillaga var samþykkt við 2. umræðu um frumvarp til fjárukalaga fyrir árið 2014.

08-853 Ábyrgðasjóður launa**-195,0**

1.01 Ábyrgðasjóður launa
Hagrænt eða kerfislegt
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárheimild liðarins lækki um 195 m.kr. í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um útgjöld á árinu 2014 en gjaldþrotum fyrirtækja hefur farið fækkandi. Samkvæmt tölum sem Hagstofa Íslands safnar kemur fram að frá ágúst 2013 til júlí 2014 hafa gjaldþrot einkahlutafélaga dregist saman um 22% samanborið við 12 mánuði þar á undan.

08-853 Ábyrgðasjóður launa**0,0**

1.15 Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar

*Breyttar forsendur**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lögð er til leiðrétting á tegundaskiptingu útgjalda Ábyrgðasjóðs launa. Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar vegna sjóðsins var í fjárlögum fyrir árin 2013 og 2014 færður sem tilfærsluútgjöld. Í reikningsskilum hafa útgjöldin á hinn bóginn verið færð sem önnur rekstrargjöld og er sú tegundaskipting hér með leiðrétt.

08-854 Fæðingarorlof**5,7**

1.01 Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar

*Breyttar forsendur**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 5,7 m.kr. fjárheimild til að mæta kostnaði sem fellur til á árinu 2015 vegna endurreiknings á greiðslum til foreldra í fæðingarorlofi fyrir árin 2007-2013. Í álitni umboðsmanns Alþingis, í máli nr. 7022/2012, gerði umboðsmaður athugasemd við aðferð Fæðingarorlofssjóðs við útreikning á greiðslum til foreldra sem þáðu greiðslur frá atvinnurekanda í sama mánuði og fæðingarorlof hófst eða var tekið að hluta. Í framhaldi af þessu álitni þarf sjóðurinn að taka upp 2.530 mál frá árinu 2007. Kostnaður við þessa endurupptöku mála er áætlaður 11,7 m.kr. vegna vinnu, breytinga á hugbúnaði og póstkostnaðar. Í frumvarpi til fjárukalaga fyrir árið 2014 er gert ráð fyrir 6 m.kr. í þessu skyni.

08-854 Fæðingarorlof**215,0**

1.11 Fæðingarorlofssjóður

*Breyttar forsendur**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lagt er til að fjárheimild vegna fæðingarorlofs foreldra á vinnumarkaði hækki tímabundið um 215 m.kr. Tilfnið er endurgreiðsla til foreldra vegna endurupptöku mála frá árinu 2007 í framhaldi af athugasemd umboðsmanns Alþingis við framkvæmd laganna, sbr. álit hans í máli nr. 7022/2012. Álitaefnið í því máli var hversu háar greiðslur foreldrum í fæðingarorlofi var heimilt að þiggja án þess að greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði skertust og aðferð sjóðsins við að reikna út frádráttinn. Í frumvarpi til fjárukalaga fyrir árið 2014 er gert ráð fyrir 70 m.kr. í þessu skyni, en alls er gert ráð fyrir að þessar endurgreiðslur nemi 285 m.kr.

08-857 Starfsendurhæfingarsjóðir**200,0**

1.10 Starfsendurhæfing
 Ákvarðanir ríkisstjórnar
 Samþykkt af ríkisstjórn
 Ríkisstjórn

Lagt er til að veitt verði tímabundið 200 m.kr. framlag til starfsemi starfsendurhæfingarsjóða sem annast atvinnutengda starfsendurhæfingu, sbr. lög nr. 60/2012. VIRK Starfsendurhæfingarsjóður er eini starfandi starfsendurhæfingarsjóðurinn samkvæmt framangreindum lögum. Samkvæmt þeim hefur verið gert ráð fyrir að framlag ríkisins til slíkra sjóða verði fjármagnað með því að taka tiltekinn hluta af gjaldstofni tryggingagjaldsins og minnka þar með hlutdeild almannatrygginga í sama mæli. Gert var ráð fyrir að það kæmi inn í þrepum á árunum 2013-2015 þannig að fullt framlag mundi greiðast frá og með árinu 2015 eða sem nemur 0,13% af tryggingagjaldsstofninum. Með bráðabirgðaákvæði í lögum um tryggingagjald var á hinn bóginn vikið frá því að greiða framlögin árin 2013 og 2014, m.a. í ljósi sterkrar sjóðstöðu VIRK. Í fjárlagafrumvarpinu var einnig gert ráð fyrir að ekki kæmi til framlaga úr ríkissjóði sem áætlað var að hefðu verið 1,3-1,4 mia.kr. að óbreyttum lögum. Ástæður fyrir því voru þær sömu og áður eru nefndar, einkum sterk fjárhagsstaða VIRK, en rekstrarafgangur sjóðsins nam tæplega 800 m.kr. í árslok 2013 og þá var varasjóður í lok ársins orðinn 2,3 mia.kr. eða um 1 mia.kr. hærrí en rekstrarkostnaður sjóðsins það ár. Með þessari tillögu er hins vegar lagt til að veitt verði 200 m.kr. framlag úr ríkissjóði á árinu 2015. Fjárheimildin verður þó ekki fjármögnuð með mörkun á hluta af gjaldstofni tryggingagjalds heldur með beinu framlagi úr ríkissjóði. Þá er rétt að geta þess í þessu sambandi að í lögum um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða er gert ráð fyrir að ráðherra skipi fyrir árslok 2015 óháða nefnd sérfræðinga sem geri heildarúttekt á þjónustu starfsendurhæfingarsjóða samkvæmt lögnum og skili skýrslu til ráðherra eigi síðar en 31. desember 2016. Það felur m.a. í heildarendurskoðun á framlögum til sjóðanna og fjármögnun þeirra.

08-860 Íbúðalánasjóður**2.400,0**

6.21 Íbúðalánasjóður
 Breyttar forsendur
 Samþykkt af ríkisstjórn
 Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárheimild liðarins hækki tímabundið um 2,4 mia.kr. Tilefnið er ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að flýta niðurfærslu á verðtryggðum húsnæðisskuldum. Upphafleg áætlun gerði ráð fyrir fjórum jöfnum afborgunum leiðréttingarlána til lánastofnana á tímabilinu 2014-2017. Nú hefur verið ákveðið að flýta afborgunum þannig að nú er talið að 36 mia.kr. gætu verið greiddir fyrir árslok 2014, 18 mia.kr. til viðbótar í ársbyrjun 2015 og loks 15,3 mia.kr. í ársbyrjun 2016. Með þessu verður afborgunum leiðréttingarlánanna lokið í ársbyrjun 2016 í stað ársloka 2017 eins og fyrri áætlun gerði ráð fyrir. Með flýtingunni er gert ráð fyrir að umtalsverður vaxtakostnaður sparist sem ella hefði verið greiddur til lánastofnana en þeir fjármunir nýtast nú til frekari leiðréttingar á húsnæðisskuldum heimila. Gert var ráð fyrir því í fyrri áætlunum að greiða þyrfti Íbúðalánasjóði tapaðan vaxtamun í kjölfar uppgreiðslna á lánum sjóðsins og var áætlað að framlag ríkissjóðs mundi nema 1,3 mia.kr. árlega árin 2015-2018 miðað við fjórar jafnar afborganir á leiðréttingarlánunum til lánastofnana. Með hliðsjón af framangreindri breytingu á greiðsluflæði aðgerðanna og endurmati á framlagi til Íbúðalánasjóðs er áætlað að það verði 2,4 mia.kr. hærra á árinu 2015. Í þessu sambandi er þó rétt að benda á að talsverð óvissa er um framangreindar fjárhæðir og hver endanleg fjárþörf sjóðsins verður á komandi ári í tengslum við niðurfærslu verðtryggðra húsnæðisskuldna heimila. Þessar áætlanir mun því þurfa að endurskoða á árinu 2015 en í frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir 2 mia.kr. varúðarrekstrarframlagi komi til þess að styrkja þurfi rekstur sjóðsins að öðru leyti á komandi fjárlagaári.

Ráðstöfun þessara framlaga úr ríkissjóði til Íbúðalánasjóðs er háð samþykki fjármála- og efnahagsráðuneytisins sem setur nánari skilyrði um greiðslu framlagsins. Þessi skilyrði varða rekstrarkostnað sjóðsins, sem þarf að lækka, að fram komi markviss áætlun um sölu fullnustueigna, ávöxtun eigna sjóðsins og að gripið verði til ráðstafana til að draga enn frekar úr vanskilum lántaka. Stjórnvöld munu áfram vinna að því að draga úr áhættu í rekstri sjóðsins og liggur þar beinast við að minnka efnahagsreikning sjóðsins.

08-861 Leiguíbúðir**0,0**

6.21 Leiguíbúðir
 Breyttar forsendur
 Samþykkt af ríkisstjórn
 Ríkisstjórn

Lagt er til að heimild til greiðslu á framlagi til Íbúðalánasjóðs hækki um 29 m.kr. frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Tillagan hefur ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs á rekstrargrunni. Ríkissjóður greiðir Íbúðalánasjóði fyrir mismun útlánsvaxta hans og fjármögnunarvaxta vegna lána til félagslegra leiguíbúða sem veitt hafa verið frá árinu 1999. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir heimild að fjárhæð 632 m.kr. en við yfirferð á útreikningum sem Íbúðalánasjóður hefur lagt fram er gert ráð fyrir að greiðsla ríkissjóðs verði 661 m.kr. á árinu 2015 og er því lagt til að greiðsluheimildin verði hækkuð sem nemur mismuninum eða um 29 m.kr.

Samtals velferðarráðuneyti 6.320,1

09-210 Ríkisskattstjóri**28,9**

1.01 Almennur rekstur
Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að framlög til ríkisskattstjóra verði hækkuð um 28,9 m.kr. árið 2015 vegna kostnaðar sem hlýst af lækkun íbúðalána með nýtingu viðbótarlífeyrissparnaðar en embættinu er falið framkvæmdahlutverk vegna þess. Kostnaðaráætlun gerir ráð fyrir að 53,0 m.kr. falli til árið 2014, en gert er ráð fyrir fjárveitingu vegna þess í frumvarpi til fjáráukalaga fyrir árið 2014, 28,9 m.kr. árið 2015, 25,3 m.kr. árið 2016 og 15,7 m.kr. árið 2017 þegar áætlað er að verkefninu ljúki. Samtals er um að ræða 122,9 m.kr. Stærsti einstaki kostnaðarliðurinn er vegna viðbótarmannafla en einnig er um að ræða kaup á sérfræðiþjónustu, hugbúnaðarþróun og kynningarkostnað.

09-215 Skattranssóknarstjóri ríkisins**26,0**

1.01 Skattranssóknarstjóri ríkisins
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 26 m.kr. tímabundið framlag vegna átaks í skatteftirliti, þ.e. framlengingar á átaksverkefni sem hófst árið 2011. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 68,5 m.kr. til verkefnisins og tillagan felur því í sér að framlagið verði samtals 94,5 m.kr.

09-391 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða**344,0**

1.11 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða
Ákvarðanir ríkisstjórnar
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 344 m.kr. hækkun á fjárheimild liðarins. Tilfnið er frestun á 20% skerðingu á framlagi til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða fram til 1. júlí 2015. Í forsendum frumvarpsins var ákveðið að leita eftir endurskoðun á fyrirkomulagi jöfnunarinnar með það að markmiði að lífeyrissjóðir sjái sjálfir um hana sín á milli án framlaga úr ríkissjóði að fimm árum liðnum. Samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar var því ákveðið að lækka hlutfall framlagsins af gjaldstofni tryggingagjalds um 20% á ári í fimm ár, frá og með 1. janúar 2015. Nú er lagt til að fyrstu skerðingunni á framlaginu verði frestað um hálf ári eða til 1. júlí 2015. Þá er gert ráð fyrir að skipuð verði nefnd sem yfirfari málið og skoði hugmyndir um frambúðarfyrirkomulag, svo sem nýtt innbyrðis jöfnunarkerfi lífeyrissjóðanna, og skili af sér tillögum fyrir lok mars 2015. Miðað við endurskoðaða áætlun í nóvember 2014 um tryggingagjaldsstofn ársins, sem gerir ráð fyrir að stofninn verði 1.018 mia.kr., er áætlað að framlag til jöfnunar á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða verði með þessu móti 2.978 m.kr. og hækki um 344 m.kr. frá frumvarpinu.

09-811 Barnabætur**1.000,0**

1.11 Barnabætur

*Ákvarðanir ríkisstjórnar**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lagt er til að fjárheimild vegna barnabóta verði hækkuð um 1.000 m.kr. Tillagan er til komin vegna mótvægisáðgerða á útgjaldahlíð til að veða á móti breytingu á virðisaukaskattkerfinu þar sem stefnt var að hækkun á lægra þrepi úr 7% í 12% og lækkun á efra þrepinu úr 25,5% í 24%. Nú er hins vegar lagt til að neðra þrepið hækki einungis í 11%.

Við undirbúning frumvarpsins var unnið að útfærslu á tillögum um skattkerfisbreytingar varðandi virðisaukaskatt og vörugjöld þar sem miðað var við að ráðstafa um 1.000 m.kr. á tekjuhlíð til mótvægisáðgerða til að veða á móti áhrifum sem kynnu að koma fram hjá tekjulægri hópum við samspil á hækkun neðra þreps og lækkun efra þreps virðisaukaskatts og niðurfellingu vörugjalda. Eftir því sem þeirri vinnu vatt fram eftir að talnagrunni fjárlagafrumvarpsins hafði verið lokað varð niðurstaðan að einna árangursríkast yrði að mæta sérstaklega þörfum barnafjölskyldna með hækkun á barnabótum. Í frumvarpi um breytingar á skattalöggjöf (2. máli) sem lagt var fram samhliða fjárlagafrumvarpinu kemur fram nánari útfærsla á áformuðum breytingum á barnabótakerfinu. Vegna þessa er nú flutt breytingartillaga um 1.000 m.kr. hækkun á fjárheimild þessa fjárlagaliðar.

09-989 Ófyrirséð útgjöld**-87,2**

1.90 Ófyrirséð útgjöld

*Launa- og verðlagsbætur fjmrn.**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 87,2 m.kr. lækkun á fjárheimild liðarins vegna endurmats á gengisforsendum fjárlagafrumvarpsins. Miðað er við meðalgengi erlendra gjaldmiðla fyrsta virkan dag í nóvember samkvæmt skráningu Seðlabanka Íslands. Í frumvarpinu var miðað við meðalgengi í júní og hefur gengi krónunnar tekið nokkrum breytingum frá þeim tíma og ýmist veikt eða styrkst gagnvart einstökum gjaldmiðlum. Samkvæmt þessum endurútreikningi lækka fjárheimildir um 87,2 m.kr. Skipting á einstök viðfangsefni er sýnd í sérstöku yfirliti með breytingartillögum meiri hlutans og munu breytingarnar koma fram í viðkomandi fjárveitingum í frumvarpinu eftir 2. umræðu.

09-989 Ófyrirséð útgjöld**-1.143,9**

1.90 Ófyrirséð útgjöld

*Launa- og verðlagsbætur fjmrn.**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 3,4% hækkun á almennu verðlagi milli ára 2014 og 2015 og var þá miðað við forsendu þjóðhagsspár Hagstofu Íslands frá 4. júlí sl. um breytingar á vísitölu neysluverðs. Önnur rekstrargjöld stofnana hækkðu þó minna, eða um 2,3%, þar sem leiðrétt var fyrir ofmati á hækkun vísitölu neysluverðs milli ára 2013 og 2014. Forsendur fjárlaga fyrir árið 2014 gerðu ráð fyrir 3,6% hækkun milli ára en þjóðhagsspá Hagstofu Íslands í júlí sl. gerði ráð fyrir talsvert minni hækkun eða 2,5%. Þessar spár um hækkun vísitölu neysluverðs hafa verið endurmetnar í nýrri þjóðhagsspá stofnunarinnar sem birt var í nóvember og er því nú spáð að verðbólgan á árinu 2015 verði 2,7% í stað 3,4%. Þá er gert ráð fyrir að verðbólgan á árinu 2014 verði 2,2% í stað 2,5%.

Verðlagsforsendur frumvarpsins hafa verið endurreiknaðar með tilliti til framangreindra breytinga og hefur það í för með sér talsverða lækkun á fjárheimildum á útgjaldahlíð. Lægri verðbólguþáttur hefur einnig áhrif til lækkunar á tekjuáætlun frumvarpsins. Miðað við endurútreikninginn er lagt til að fjárheimildir lækki um 848 m.kr. vegna þessara verðlagsbreytinga. Þá er í tillögnum einnig leiðrétt fyrir mistökum sem urðu við undirbúning frumvarpsins varðandi launahækkunar í tengslum við kjarasamning sem gerður var við Kennarasamband Íslands og tók gildi 1. mars sl. Í launaútreikningum stofnana láðist að taka mið af því að hluti launahækkanna í samningnum tæki ekki gildi fyrr en 1. maí á árinu 2015 í stað 1. janúar. Á móti láðist að gera ráð fyrir 3,5% almennri launahækkun hjá öðrum stéttarfélögum innan viðkomandi stofnana en samanlagt lækka útgjöldin nettó um 295 m.kr. vegna þessara leiðréttinga. Skipting á einstök viðfangsefni vegna þessara launa- og verðlagsbreytinga er sýnd í sérstöku yfirliti með breytingartillögum meiri hlutans og munu breytingarnar koma fram í viðkomandi fjárveitingum í frumvarpinu eftir 2. umræðu.

09-989 Ófyrirséð útgjöld**101,5**

1.90 Ófyrirséð útgjöld

*Launa- og verðlagsbætur fjmrn.**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 101,5 m.kr. hækkun á fjárheimild liðarins vegna endurmats á kjarasamningum við Kennarasamband Íslands sem tóku gildi 1. mars sl. Við gerð kjarasamninga við stéttarfélög ríkisstarfsmanna var gengið út frá 2,8% almennri launahækkun en í 14. gr. samningsins við Kennarasamband Íslands er kveðið á um að komi til frekari almennra launahækkana á árunum 2014 og 2015 gildi þær einnig um þann samning. Við endurmat á samningnum við Kennarasambandið var horft til meðalhækkana í samningum við félög innan BHM og er metið að kjarasamningshækkunar í þeim samningum hafi verið 0,8% hærri en almenna launahækkunin. Af þeim sökum er gert ráð fyrir 0,8% viðbótarhækkun á kjarasamningnum við Kennarasamband Íslands frá því sem áður var gert ráð fyrir í frumvarpinu og eru áætluð útgjaldaáhrif 101,5 m.kr. Skipting á einstök viðfangsefni er sýnd í sérstöku yfirliti með breytingartillögum meiri hlutans og munu breytingarnar koma fram í viðkomandi fjárveitingum í frumvarpinu eftir 2. umræðu.

09-989 Ófyrirséð útgjöld**-499,7**

1.90 Ófyrirséð útgjöld

*Launa- og verðlagsbætur fjmrn.**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 499,6 m.kr. lækkun á fjárheimild liðarins. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 3,4% hækkun á almennu verðlagi milli áráanna 2014 og 2015 og var þá miðað við forsendu þjóðhagsspár Hagstofu Íslands frá 4. júlí sl. um breytingar á vísitölu neysluverðs. Við mat á hækkun bóta almannatrygginga var tekið mið af 69. gr. laga um almannatryggingar þar sem kveðið er á um að bæturnar hækki í samræmi við fjárlög hverju sinni þar sem tekið skal mið af launaþróun en þó þannig að hækkunir séu aldrei minni en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs. Varðandi atvinnuleysisbæturnar var tekið mið af 33. gr. laga um atvinnuleysistryggingar þar sem segir að fjárhæð atvinnuleysisbóta komi til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa-, verðlags- og efnahagsmála. Venjan hefur verið að atvinnuleysisbætur hafa fengið sömu hækkun og bætur almannatrygginga og var gert ráð fyrir að þær yrðu hækkaðar um 3,5% í byrjun árs 2015.

Samkvæmt endurmetinni þjóðhagsspá í nóvember er hins vegar gert ráð fyrir að hækkun á almennu verðlagi verði 2,7% milli áráanna 2014 og 2015 sem er 0,7% minni verðlagshækkun en forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir. Með hliðsjón af þessari spá um verðlagshækkun á komandi ári er miðað við að atvinnuleysisbætur og bætur almannatrygginga hækki um 3% á næsta ári. Í þessu sambandi hefur einnig verið haft til hliðsjónar að atvinnuleysisbætur og bætur almannatrygginga voru hækkaðar um 3,6% 1. janúar 2014 til samræmis við spá Hagstofu Íslands í nóvember 2013 um almenna verðlagshækkun milli áráanna 2013 og 2014. Það er 0,8% meiri hækkun en almenna launahækkunin sem samið hefur verið um í kjarasamningum á yfirstandandi ári en hún nemur 2,8%. Ný þjóðhagsspá Hagstofunnar í nóvember gerir jafnframt ráð fyrir talsvert minni hækkun milli áráanna 2013 og 2014 en áður var áætlað, eða 2,2%. Það er 1,4% minni hækkun en forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir en hvorki er þó gert ráð fyrir að atvinnuleysisbætur né bætur almannatrygginga verði lækkaðar á yfirstandandi ári til samræmis við spár um minni verðbólgu. Þá er heldur ekki gert ráð fyrir að þetta ofmat á verðbólgu ársins 2014 verði leiðrétt í fjárlögum fyrir árið 2015 og er því útlit fyrir að kaupmáttur elli- og örorkulífeyrisþega og þeirra sem eru atvinnulausir aukist sem þessu nemur.

Endurreikningur á bótahækkunum frumvarpsins miðað við þessar forsendur hefur í för með sér lækkun á fjárheimildum Atvinnuleysistryggingasjóðs og almannatrygginga. Skipting á einstök viðfangsefni er sýnd í sérstöku yfirliti með breytingartillögum meiri hlutans og munu breytingarnar koma fram í viðkomandi fjárveitingum í frumvarpinu eftir 2. umræðu.

09-989 Ófyrirséð útgjöld**68,4**

1.90 Ófyrirséð útgjöld

*Launa- og verðlagsbætur fjmrn.**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lagt er til að veittar verði 68,4 m.kr. auknar fjárheimildir til tiltekinna ríkisstofnana vegna dreifinga á svokölluðum launapottum í tengslum við sérbókanir í kjarasamningum sem gerðir voru á yfirstandandi ári. Í fyrsta lagi er um að ræða 33 m.kr. vegna bókanar 2 með kjarasamningi við Félag háskólakennara þar sem samkomulag er um að styðja við sérstaka útfærslu stofnanasamninga innan fjögurra stofnana sem tengjast Háskóla Íslands. Í öðru lagi er um að ræða allt að 11 m.kr. vegna bókanar 2 í kjarasamningi við Félag starfsmanna stjórnarráðsins. Þar voru aðilar sammála um að skoða ábyrgðarsvið og launaröðun tiltekinna hópa innan félagsins og að kannaðar yrðu leiðir til að styðja við starfsþróun félagsmanna, m.a. með tilliti til þróunar og útfærslu á notkun raunfærnimats. Loks var í þriðja lagi gert ráð fyrir allt að 25 m.kr. í tengslum við bókun 6 í kjarasamningi við SFR þar sem aðilar voru sammála um að á samningstímanum yrði unnið að frekari útfærslu á gerð og framkvæmd stofnanasamninga. Í framangreindum samningum er um að ræða kostnaðarauka að meðtöldum launatengdum gjöldum. Skipting á einstök viðfangsefni er sýnd í sérstöku yfirliti með breytingartillögum meiri hlutans og munu breytingarnar koma fram í viðkomandi fjárveitingum í frumvarpinu eftir 2. umræðu.

09-992 Sóknaráætlanir landshluta**-15,0**

1.10 Sóknaráætlanir landshluta

*Millifært**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lagt er til að 15 m.kr. fjárheimild verði millifærð af þessum lið yfir á liðinn 04-541-1.15, Sóknaráætlanir landshluta. Tilefnið er að sóknaráætlanir landshluta sem hafa verið á forræði fjármála- og efnahagsráðuneytisins færast á forræði atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.

09-999 Ýmislegt**75,0**

1.25 Nýtt vinnumat framhaldsskólakennara

*Millifært**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir tímabundnu 75 m.kr. framlagi á fjárlagaliðnum 02-319-1.42 vegna vinnu við nýtt vinnumat í tengslum við kjarasamninga við framhaldsskólakennara. Við undirbúning og útfærslu á fyrirkomulagi vinnumatsins var ákveðið að fjársýsla þess verði á hendi fjármálaráðuneytisins og er því lagt til að fjárheimildin verði millifærð á fjárlagaliðinn 09-999-1.25.

09-999 Ýmislegt**32,5**

1.90 Ýmis verkefni

*Ákvarðanir ríkisstjórnar**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 32,5 m.kr. fjárheimild vegna samnings við Lundúnaskrifstofu alþjóðlega almannatengslafyrirtækisins Burson-Marsteller. Ríkisstjórnin ákvað að ganga til samstarfs við fyrirtækið um ráðgjöf og þjónustu á sviði efnahagsmála, sjávarútvegsmála og annarra málasviða á alþjóðlegum vettvangi. Reiknað er með samstarfi til níu mánaða frá 15. september 2014 og að mánaðargreiðslur nemi allt að 30.000 breskum pundum, eða 5,8 m.kr. Heildarupphæðin er því um 52,5 m.kr. en þar af falla 32,5 m.kr. til á komandi ári. Fjármála- og efnahagsráðuneytið gerði samninginn fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Forsætisráðuneytið er efnislegur ábyrgðaraðili og dagleg umsýsla er í höndum utanríkisráðuneytisins.

Samtals fjármála- og efnahagsráðuneyti -69,5

14-211 Umhverfisstofnun**15,0**

1.01 Umhverfisstofnun
 Ákvarðanir ríkisstjórnar
 Samþykkt af ríkisstjórn
 Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 15 m.kr. tímabundna fjárveitingu í eitt ár í tengslum við kostnað við umsjón og landvörslu á Geysissvæðinu. Í mars sl. hóf landeigendafélag Geysissvæðisins gjaldtöku á svæðinu þrátt fyrir að ríkið væri andsnúið gjaldtökunni. Lögbann var sett á gjaldtökuna að beiðni fjármála- og efnahagsráðherra. Í tengslum við lögbannið var ákveðið að ráða heilsársstarfsmann auk sumarstarfsmanna til að hafa umsjón með svæðinu, þ.m.t. að tryggja öryggi gesta, sorphirðu og leiðbeiningu og fræðslu til gesta í samstarfi við landeigendafélagið. Gert er ráð fyrir framlagi vegna sambærilegs kostnaðar í frumvarpi til fjárukalaga fyrir árið 2014.

14-412 Veðurstofa Íslands**230,0**

1.01 Almennur rekstur
 Samningsbundið
 Samþykkt af ríkisstjórn
 Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 230 m.kr. tímabundna fjárveitingu í eitt ár til að mæta kostnaði við virðisaukaskatt af ofurtölvu sem danska veðurstofan flytur til landsins. Jafnmiklar tekjur færast á móti. Íslenska og danska veðurstofan hafa gert með sér samning, með fyrirvara um fjárheimildir, um rekstur og hýsingu tölvunnar hér á landi. Tölvun verður fjármögnuð af dönsku veðurstofunni og verður í eigu hennar. Danskir ríkisaðilar eru undanþegnir virðisaukaskatti í Danmörku þegar kemur að kaupum á búnaði af þessu tagi. Fjárheimildin er eingöngu ætluð til að mæta kostnaði við virðisaukaskatt og byggist fjárhæðin á áætluðum kostnaði. Þegar endanleg fjárhæð liggur fyrir verður óskað eftir breyttri fjárheimild í samræmi við kostnað af virðisaukaskatti, ef þörf verður talin á því. Fjárheimildin hefur ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs þar sem virðisaukaskatturinn er einnig bókaður á tekjuhlið. Samhliða þessari tillögu og í tengslum við samninginn er gerð tillaga um tímabundna fjárheimild á viðfangi 6.01 Tæki og búnaður vegna breytinga á húsnæði Veðurstofu Íslands og verður sá kostnaður endurgreiddur af dönsku veðurstofunni. Nánari upplýsingar um samninginn er að finna í skýringum við þá tillögu.

14-412 Veðurstofa Íslands**0,0**

6.01 Tæki og búnaður
 Samningsbundin
 Samþykkt af ríkisstjórn
 Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 189 m.kr. tímabundna heimild í eitt ár til aukinna úgjalda í tengslum við breytingar á húsnæði Veðurstofu Íslands samhliða því að sértækjur aukast um sömu fjárhæð. Um er að ræða 90% af kostnaði við breytingar á húsnæði og aðstöðu vegna samnings við dönsku veðurstofuna um samrekstur háhraðatölvu í tölvusal Veðurstofu Íslands. Danska veðurstofan kaupir og fjármagnar tölvuna en Veðurstofa Íslands fjármagnar í upphafi nauðsynlegar endurbætur á húsnæði sínu sem snúa að því að tryggja öruggan rafstraum til tölvunnar og kælibúnað. Danska veðurstofan endurgreiðir Veðurstofunni 90% af þeim kostnaði. Veðurstofa Íslands mun greiða 10% af kostnaði af núverandi fjárheimildum sem ætlaðar eru til endurnýjunar á búnaði. Þá greiðir hvor aðili um sig árlegan kostnað af rekstri tölvunnar í samræmi við notkun en hlutur Veðurstofunnar í rekstrinum er 10%. Vegna almennrar hagræðingar sem hlýst af rekstri tölvunnar hér á landi er ekki gert ráð fyrir að rekstrarkostnaður Veðurstofu Íslands aukist vegna samningsins. Jafnframt er gerð tillaga um tímabundna fjárheimild á viðfangi 1.01 Almennur rekstur vegna endurgreiðslu virðisaukaskatts sem fellur til við innflutning tölvunnar.

Ávinningur Veðurstofunnar er mikill af samstarfi við dönsku veðurstofuna. Unnt verður að stækka spásvæði á og við Ísland umtalsvert og tengja það við spásvæði yfir Grænlandi. Með stærra svæði verður hægt að nýta öll fjarkönnunargögn betur inn í svæðið sem og háloftagögn. Veðurstofan mun þannig geta veitt betri veðurþjónustu á Íslandi, bætt þjónustu við sjófarendur á hafinu við Ísland og veitt alþjóðaflogi betri þjónustu. Ávinningur dönsku veðurstofunnar af samstarfi við Íslendinga felst í hagkvæmari rekstri háhraðatölvunnar og bættri þjónustu á og yfir Grænlandi.

Samtals umhverfis- og auðlindaráðuneyti 245,0**19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs****-1.728,0**

1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs
 Hagrænt eða kerfislegt
 Samþykkt af ríkisstjórn
 Ríkisstjórn

Við endurskoðun áætlunar um vaxtagjöld er gert ráð fyrir að gjaldfærð vaxtagjöld ríkissjóðs lækki úr 84,2 mia.kr. í 82,5 mia.kr. Stærstan hluta þeirrar lækkunar má rekja til vaxtagjalda af innlendum langtímalánum og öðrum innlendum ríkisverðbréfum, en dregið hefur verið úr útgáfu ríkisbréfa frá því sem áður var gert ráð fyrir vegna bættrar afkomu ríkissjóðs. Þá hafa forsendur um stýrivexti og verðlagsbreytingar breyst til lækkunar í takt við nýja þjóðhagsspá Hagstofunnar. Gjaldfærðir vextir af innlendum lánum lækka um 1,8 mia.kr. frá frumvarpinu. Vextir af erlendum lánum lækka um 0,7 mia.kr. frá fjárlagafrumvarpinu sem skýrist að stærstum hluta af því að spá um gengi erlendra gjaldmiðla hefur lækkað frá fyrri spá. Aðrir vextir hækka hins vegar um 0,8 mia.kr. vegna endurmats á heildarvaxtagjöldum ríkissjóðs. Greidd vaxtagjöld ríkissjóðs lækka úr 82,1 mia.kr. í 80,6 mia.kr. Ástæður þess eru þær sömu og fyrir lækkun gjaldfærðra vaxtagjalda ríkissjóðs.

Samtals vaxtagjöld ríkissjóðs -1.728,0**Samtals öll ráðuneyti 9.302,9**

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem skýrðar hafa verið og gerð er tillaga um í sérstökum þingskjölum.

Alþingi, 29. nóvember 2014.

Vigdís Hauksdóttir,
form., frsm.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Ásmundur Einar Daðason.

Willum Þór Þórsson.

Haraldur Benediktsson.

Valgerður Gunnarsdóttir.